ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 29

25. árgangur

3.5.2018

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2018/EES/29/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2228 frá 4. desember 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 1

2018/EES/29/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2283 frá 22. ágúst 2016 um leiðréttingu á þýskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) 5

2018/EES/29/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/460 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur um samþykki eigin líkans í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 7

2018/EES/29/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/500 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki eftirlitsyfirvalda á umsókn um aðlögun vegna samræmingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 13

2018/EES/29/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 18

2018/EES/29/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2012 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur vegna ákvarðana um að leggja á, reikna út og fella niður viðbótargjaldþolskröfu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 20

2018/EES/29/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2013 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 24

2018/EES/29/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2014 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur og sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsaðila samstæðu og fyrir upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 26

2018/EES/29/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2015 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla um verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 31

2018/EES/29/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1868 frá 20. október 2016 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 33

2018/EES/29/11 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/309 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi eftirlitsfyrirkomulags fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi er á Bermúdaeyjum við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB og um breytingu á framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 68

2018/EES/29/12 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/310 frá 26. nóvember 2015 um jafngildi gjaldþolsreglna fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Japan við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 73

2018/EES/29/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/461 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar ferlið um að taka sameiginlega ákvörðun um umsókn til að nota eigið líkan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 77

2018/EES/29/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/498 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferð við samþykki eftirlitsyfirvalda til að nota stika sem eiga við tiltekið félag í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 81

2018/EES/29/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/499 frá 24. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem nota skal við veitingu samþykkis eftirlitsyfirvalda fyrir notkun stuðningsgjaldþolsliða í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 85

2018/EES/29/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2016 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfavísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 91

2018/EES/29/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2017 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðlöguðu stuðlana til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir gjaldmiðlaáhættu vegna gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 94

2018/EES/29/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/165 frá 5. febrúar 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 1. janúar til 30. mars 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) 96

2018/EES/29/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/869 frá 27. maí 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars til 29. júní 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 208

2018/EES/29/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1376 frá 8. ágúst 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní til 29. september 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 310

2018/EES/29/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB 425

2018/EES/29/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1976 frá 10. nóvember 2016 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. september til 30. desember 2016 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 433

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2228 **2018/EES/29/01**

frá 4. desember 2017

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkur aðildarríki hafa nýlega tilgreint öryggisvandamál í tengslum við notkun á jarðhnetuolíu, útdráttum úr henni og afleiðum hennar í snyrtivörur. Áhyggjur af því að næming fyrir jarðhnetum geti orsakast af váhrifum af jarðhnetuolíu gegnum húð með notkun snyrtivara hafa vaknað.

2) Vísindanefndin um öryggi neytenda viðurkenndi þessar áhyggjur í endurskoðuðu áliti sínu frá 23. september 2014 ([2]). Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í þessu áliti að gögn væru ófullnægjandi til að skilgreina öruggt stig váhrifa á hörund þeirra sem eru ekki næmir. Hún bætti því við að í ljósi skjalfestra öruggra gilda fyrir inntöku næmra einstaklinga á jarðhnetuprótínum um munn og í ljósi getu iðnaðarins til að hreinsa jarðhnetuolíu þannig að prótíngildin nemi 0,5 milljónarhlutum eða minna væri þó hægt að samþykkja það gildi sem leyfilegan hámarksstyrk í (hreinsaðri) jarðhnetuolíu, útdráttum úr henni og afleiðum hennar sem eru notuð í snyrtivörur.

3) Nokkur aðildarríki hafa einnig tilgreint öryggisvandamál í tengslum við snyrtivörur sem innihalda vatnsrofin hveitiprótín. Tilkynnt hefur verið um fjölda tilvika ofsakláða af völdum snertingar við slíkar snyrtivörur og einnig bráðaofnæmislost eftir inntöku matvæla sem innihalda hveitiprótín.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda taldi, í endurskoðuðu áliti sínu frá 22. október 2014 ([3]), að notkun á vatnsrofnum hveitiprótínum í snyrtivörur væri örugg fyrir neytendur að því tilskildu að meðalsameindaþyngd peptíða í vatnsrofsefnum væri að hámarki 3,5 kDa.

5) Í ljósi álitanna frá vísindanefndinni um öryggi neytenda getur notkun á snyrtivörum, sem innihalda jarðhnetuolíu, útdrætti úr henni og afleiður hennar, og snyrtivörum, sem innihalda vatnsrofin hveitiprótín, hugsanlega skapað áhættu fyrir heilbrigði manna. Til að tryggja öryggi slíkra snyrtivara fyrir heilbrigði manna þykir rétt að fastsetja hámarksstyrk sem nemur 0,5 milljónarhlutum fyrir jarðhnetuprótín í jarðhnetuolíu, útdráttum úr henni og afleiðum hennar, sem eru notuð í snyrtivörur, og að takmarka meðalsameindaþyngd peptíða í vatnsrofnum hveitiprótínum, sem eru notuð í snyrtivörur, við að hámarki 3,5 kDa.

6) Gefa ætti iðnaðinum hæfilegan frest til að aðlagast nýju kröfunum með því að gera nauðsynlegar breytingar á efnasamsetningum til að tryggja að einungis vörur, sem eru í samræmi við þessar kröfur, séu settar á markað. Einnig ætti að gefa iðnaðinum hæfilegan frest til að taka vörur, sem eru ekki í samræmi við nýju kröfurnar, af markaði.

7) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1526/14.

([3]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1534/14.

2. gr.

Frá og með 25. september 2018 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru takmörkuð með þessari reglugerð og eru ekki í samræmi við þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá og með 25. desember 2018 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru takmörkuð með þessari reglugerð og eru ekki í samræmi við þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í töflunni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 bætast við eftirfarandi tvær færslur:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskil-yrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
,,306	Jarðhnetuolía, útdrættir og afleiður	Arachis Hypogaea Oil	8002-03-7	232-296-4			Hámarksstyrkur jarðhnetu-prótína: 0,5 milljónarhlutar (*)	
		Arachis Hypogaea Seedcoat Extract	8002-03-7	232-296-4				
		Arachis Hypogaea Flour	8002-03-7	232-296-4				
		Arachis Hypogaea Fruit Extract	8002-03-7	232-296-4				
		Arachis Hypogaea Sprout Extract						
		Hydrogenated Peanut Oil	68425-36-5	270-350-9				
		Peanut Acid	91051-35-3	293-087-1				
		Peanut Glycerides	91744-77-3	294-643-6				
		Peanut Oil PEG-6 Esters	68440-49-3					
		Peanutamide MEA	93572-05-5	297-433-2				
		Peanutamide MIPA						
		Potassium Peanutate	61789-56-8	263-069-8				
		Sodium Peanutamphoacetate						
		Sodium Peanutate	61789-57-9	263-070-3				
		Sulfated Peanut Oil	73138-79-1	277-298-6				

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskil-yrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
307	Vatnsrofið hveitiprótín	Hydrolyzed Wheat Protein	94350-06-8 / 222400-28-4 / 70084-87-6 / 100209-50-5	305-225-0 309-358-5			Meðalsameindaþyngd peptíða í vatnsrofsefni að hámarki: 3,5 kDa (**)“	

(*) Frá og með 25. september 2018 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda jarðhnetuolíu, útdrætti og afleiður og eru ekki í samræmi við þessa takmörkun, á markað í Sambandinu. Frá og með 25. desember 2018 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda jarðhnetuolíu, útdrætti og afleiður og eru ekki í samræmi við þessa takmörkun, fram á markaði í Sambandinu.

(**) Frá og með 25. september 2018 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda vatnsrofin hveitiprótín og eru ekki í samræmi við þessa takmörkun, á markað í Sambandinu. Frá og með 25. desember 2018 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda vatnsrofin hveitiprótín og eru ekki í samræmi við þessa takmörkun, fram á markaði í Sambandinu.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2283 **2018/EES/29/02**

frá 22. ágúst 2016

um leiðréttingu á þýskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 31. gr. (4. mgr.), 35. gr. (9. mgr.), 50. gr. (a-liður 1. mgr., b-liður 1. mgr., a-liður 2. mgr., b-liður 2. mgr.), 56. gr., 92. gr. (1. mgr., 1. mgr. a), 97. gr. (1 mgr.), 109. gr. a (5. mgr.), 111. gr. (a- til c-liður 1. mgr., f-liður 1. mgr., h-liður 1. mgr., k-liður 1. mgr., l-liður 1. mgr., o-liður 1. mgr.), 211. gr. (2. mgr.), 244. gr. (4. og 5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þýskri útgáfu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]) er villa í i. lið l-liðar 1. mgr. 71. gr. og í i. lið g-liðar 1. mgr. 73. gr. varðandi lagalegt eða samningsbundið fyrirkomulag er varðar eiginleika sem ákvarða flokkun kjarnagjaldþolsliða.

2) Í þýskri útgáfu þeirrar reglugerðar er að finna rangar millivísanir í 3. mgr. 73. gr. Í 3. mgr. 73. gr. er mælt fyrir um í hvaða liðum 1. mgr. 73. gr. beri að lesa tilvísanir í gjaldþolskröfuna sem tilvísanir í kröfu um lágmarksfjármagn ef frávik frá kröfunni um lágmarksfjármagn á sér stað á undan fráviki frá gjaldþolskröfu.

3) Í þýskri útgáfu þeirrar reglugerðar, nánar til tekið í 3. mgr. 104. gr., er ranglega tilgreint lágmarkstímabil fyrir $dur_{i.}$ sem um getur í e-lið 1. mgr. 104. gr. í stað þess að tilgreina lágmarkstímabil fyrir $dur_{i.}$ sem um getur í 2. mgr. 104. gr.

4) Í þýskri útgáfu þeirrar reglugerðar, nánar til tekið í fyrstu undirgrein 2. mgr. 186. gr., er ranglega settur fram áhættuþáttur g_i fyrir samþjöppun markaðsáhættu vegna áhættuskuldbindinga eins aðila gagnvart vátrygginga- eða endurtryggingafélagi sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, þar sem aftur á móti ætti að úthluta þessum áhættuþætti þegar ekkert lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt.

5) Í þýskri útgáfu þeirrar reglugerðar, nánar til tekið í inngangsorðum e-liðar 1. mgr. 219. gr., var gildissvið ákvæðanna ranglega takmarkað þar sem skammstöfunin „þ.m.t.“ var ekki þýdd.

6) Í þýskri útgáfu þeirrar reglugerðar, nánar til tekið í f-lið 2. mgr. 297. gr., er orðinu „áhrif“ sleppt í setningunni „áhrif allra stika vátryggingafélags“.

7) Í 303. gr. þýsku útgáfunnar eru hugtökin „dagurinn þegar [gerð] kemur til framkvæmda“ [„date of application“] ranglega þýdd með þýska hugtakinu sem samsvarar „gildistökudegi“.

8) Þýsk útgáfa þeirrar reglugerðar inniheldur að auki minniháttar villur í forsendu 53, 63. gr. (4. mgr.), fyrirsögn 68. gr., 70. gr. (i. liður e-liðar 1. mgr.), 83. gr. (2. mgr.), 84. gr. (b-liður 2. mgr.), 90. gr. (b-liður 2. mgr.), 103. gr. (d-liður 2. mgr.), 107. gr. (b-liður 1. mgr.), 108. gr. (b- og c-liður), 112. gr. (1. mgr.), 124. gr. (b-liður 1. mgr., a-liður 5. mgr.), 130. gr. (a-liður 3. mgr.), 131. gr. (b-liður), 134. gr. (2. og 3. mgr.), 136. gr. (3. mgr.), 149. gr. (B-liður ii. liðar b-liðar 2. mgr.), 161. gr. (1. mgr.), 172. gr. (a-liður 1. mgr.), 176. gr. (1. mgr.), 177 gr. (i. liður h-liðar 2. mgr., k-, l-, q- og r-liður 2. mgr.), 184. gr. (v. liður b-liðar 2. mgr.), 190. gr. (2. mgr.), 195. gr. (c-liður), 211. gr. (c-liður 2. mgr., 4. mgr.), 217. gr. (b-liður 5. mgr.), 258. gr. (a-, b- h- og l-liður 1. mgr., 2. og 3. mgr.), 259. gr. (1. mgr.), 260. gr. (i. liður a-liðar 1. mgr., iii. liður d-liðar 1. mgr., 2. mgr.), 261. gr. (c-liður 1. mgr., 2. mgr.), 263. gr. (a- til c-liður), 264. gr. (3. mgr.), 266. gr., 267. gr. (2. mgr., a- og b-liður 4. mgr.), 270. gr. (1. mgr.), 271. gr. (a- og b-liður 3. mgr.), 272. gr. (f- og g-liður

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 346, 20.12.2016, bls. 111. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015. bls. 1).

1. mgr., 4. mgr.), 273. gr. (1. mgr.), 274. gr. (inngangsorð 4. mgr., h- og k-liður 4. mgr.), 275. gr. (fyrirsögn 5. þáttar, inngangsorð 1. mgr., a- til g-liður 1. mgr., g-liður 2. mgr., 3. mgr.), 290. gr. (2. mgr.), 293. gr. (fyrirsögn, c- og f-liður 1. mgr., 2. mgr., 4. mgr.), 294. gr. (inngangsorð c-liðar 1. mgr., i. og ii. liður c-liðar 1. mgr., inngangsorð 2. mgr.), 296. gr. (a- og b-liður 1. mgr., a- og b-liður 3. mgr.), 297. gr. (a- til d-liður og g-liður 1. mgr., f-liður 4. mgr.), 302. gr. (1. mgr.), 304. gr. (c- og d-liður 1. mgr.), 306. gr. (fyrirsögn og fyrsta undirgrein), 307. gr. (fyrirsögn, inngangsorð 2. mgr., a- til d-liður 2. mgr., b-liður 3. mgr., 4. mgr.), 308. gr. (b-liður 1. mgr., a-liður 2. mgr., c-liður 5. mgr.), 309. gr. (6. mgr., a-liður 7. mgr.), 312. gr. (b-liður 1. mgr.), 314. gr. (a-til c-liður 1. mgr., 2. mgr.), 317. gr. (1. mgr.), 318. gr., 325. gr. (a-liður 2. mgr.), 373. gr., 375. gr. (2. mgr.) og 376. gr. (c-liður 2. mgr., e-liður 3. gr.).

9) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

10) Í ljósi nauðsynjar þess að öll vátrygginga- og endurtryggingafélög búi við jöfn samkeppnisskilyrði og í ljósi mikilvægis heildarvirkni innri markaðarins og réttarvissu verður að beita þessari framseldu reglugerð frá og með 18. janúar 2015, gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Á aðeins við um þýsku útgáfuna.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/460 **2018/EES/29/03**

frá 19. mars 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur um samþykki eigin líkans í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 2. mgr. 114. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa að fara að kröfum tilskipunar 2009/138/EB um eigin líkön. Þau geta breytt eigin líkönum sínum í samræmi við samþykkta stefnu fyrir breytingar á líkaninu skv. 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2) Verulegar breytingar á eigin líkani, sambland minni háttar breytinga sem telst veruleg breyting, og breytingar á stefnunni um að breyta líkaninu eru með fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsaðila. Reglur að því er varðar verklagsreglur sem fylgja á varðandi samþykktarferli fyrir eigin líkön ættu að gilda með samræmdum hætti um samþykki verulegra breytinga á eigin líkani og um samþykki á öllum breytingum á stefnunni um að breyta líkaninu.

3) Innfærsla nýrra þátta í eigin líkan, t.d. innfærsla á viðbótaráhættum sem falla ekki undir gildissvið eigin líkans eða rekstrareininga, eru með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila eins og mælt er fyrir um í 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4) Vegna víxltengsla milli mismunandi umsókna um samþykki samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, þegar sótt er um samþykki eigin líkans, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að upplýsa eftirlitsyfirvaldið um aðrar umsóknir um samþykki atriðanna sem talin eru upp 1. mgr. 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB sem nú eru í ferli eða reikna má með innan sex mánaða. Slík krafa er nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á gagnsæjum og óhlutdrægum upplýsingum.

5) Verklagsreglur, sem fylgja á fyrir samþykki eigin líkans og verulegra breytinga á því, ættu að gera ráð fyrir stöðugum samskiptum milli eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins. Rétt þykir að hefja samskiptin áður en formleg umsókn er lögð fram til eftirlitsyfirvalda. Samskiptin ættu að halda áfram eftir að eigið líkan eða hinar verulegu breytingar eru samþykktar í endurskoðunarferli eftirlitsyfirvalda.

6) Meðan á samþykktarferlinu stendur ættu eftirlitsyfirvöld að geta farið fram á leiðréttingar á eigin líkani eða á umbreytingaráætlun eins og sett er fram í 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

7) Ákvæðin, sem sett eru fram í þessari reglugerð um verklagsreglurnar sem fylgja á að því er varðar samþykki, samþykki fyrir breytingum á eigin líkani og samþykki á stefnunni fyrir breytingum á eigin líkönum sem notuð eru á grundvelli einstakra félaga ættu að gilda með samræmdum hætti um verklagsreglurnar fyrir eigin líkön til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar og fyrir eigin líkön samstæðunnar.

8) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

9) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]).

10) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindar:

a) verklagsreglur sem um getur í 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB um að samþykkja umsóknir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög leggja fram um að nota alhliða eigin líkön og hlutalíkön til að reikna út gjaldþolskröfu,

b) verklagsreglur að því er varðar samþykki umsókna sem vátrygginga- og endurtryggingafélög leggja fram um verulega breytingu á eigin líkani og breytingar á stefnu til að breyta eigin líkani í samræmi við 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. gr.

Umsókn um að reikna út gjaldþolskröfu með því að nota eigið líkan

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal leggja fram skriflega umsókn til eftirlitsyfirvaldsins um samþykki til að reikna út gjaldþolskröfu með eigin líkani.

2. Umsóknin skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með höfuðstöðvar, eða á tungumáli sem samið hefur verið um við eftirlitsyfirvöld.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, þegar þau sækja um að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu, leggja fram skjalfest gögn þar sem sett er fram hvernig líkanið uppfyllir kröfurnar í 101. gr. og 120.–125. gr. tilskipunar 2009/138/EB og, ef um hlutalíkan er að ræða, einnig 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Eftirlitsyfirvald getur farið fram á viðbótarupplýsingar í samræmi við 3. gr.

4. Í viðbótarupplýsingunum sem um getur í 3. mgr. skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) fylgibréf sem inniheldur:

   i. beiðni um samþykki til að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu, frá tiltekinni dagsetningu, og almenna útskýringu á eigin líkani sem inniheldur stutta lýsingu á uppbyggingu og gildissviði líkansins,

   ii. staðfestingu á tímabilinu á undan umsókninni þegar eigið líkan var í notkun í stjórnkerfi áhættustýringar og ákvarðanatökuferlunum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   iii. staðfestingu á að umsóknin sé fullnægjandi, innihaldi nákvæma lýsingu á eigin líkani og að engum viðeigandi staðreyndum hafi verið sleppt,

   iv. staðfestingu á hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sé hluti af samstæðu sem notar eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir samstæðu eða hvort umsókn um að nota hvaða eigið líkan sem vera skal til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar hefur verið lögð fram, án þess að tilkynningu um ákvörðunina væri veitt viðtaka,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

v. skrá um aðrar umsóknir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur lagt fram, eða reiknar með að leggja fram á næstu sex mánuðum, til samþykktar á einhverju þeirra atriða sem talin eru upp í 1. mgr. 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, ásamt tilsvarandi dagsetningum umsókna,

vi. samskiptaupplýsingar um viðeigandi starfsfólk innan vátrygginga- og endurtryggingafélagsins sem tekur þátt í starfseminni sem tengist eigin líkani, sem og um viðeigandi starfsfólk innan þessa félags sem hægt er að senda beiðnir um viðbótarupplýsingar,

b) útskýring á því hvernig eigið líkan tekur til allra efnislegra og mælanlegra áhætta fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið. Ef umsókn um samþykki tengist hlutalíkani skal útskýringin takmörkuð við hinar efnislegu og mælanlegu áhættur innan gildissviðs hlutalíkansins, og skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið einnig útskýra hvernig viðbótarskilyrðin, sem um getur í 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB, hafi verið uppfyllt,

c) útskýring á því hvort aðlögun eigin líkans að stjórnkerfi áhættustýringar sé fullnægjandi og skilvirk og á hlutverkinu sem það gegnir í stjórnkerfinu, þ.m.t. hvernig eigin líkan gerir vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu kleift að greina, mæla, vakta, stjórna og tilkynna áhættur á viðvarandi hátt; í þessum tilgangi skal umsóknin innihalda viðeigandi útdrætti áhættustýringarstefnunnar sem um getur í 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) mat og rökstuðningur vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins hvað varðar efnislega styrkleika, veikleika og takmarkanir eigin líkans, þ.m.t. sjálfsmat á fylgni við kröfurnar sem um getur í 2. mgr.; vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal líka setja fram áætlun um endurbætur á eigin líkani í framtíðinni til að taka á auðkenndum veikleikum eða takmörkunum eða til að þróa eða stækka eigin líkan,

e) ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er hluti af samstæðu sem notar eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfuna, eða ef umsókn um að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar var lögð fram án þess að móttekin hafi verið tilkynning um ákvörðunina, rökstuðningur um hvers vegna eigið líkan samstæðunnar hentar ekki fyrir áhættusnið félagsins og mismunurinn á eigin líkaninu sem skal nota á grundvelli einstakra félaga og eigin líkani samstæðunnar,

f) tækniforskriftir eigin líkans, þ.m.t. ítarleg lýsing á uppbyggingu eigin líkans, ásamt skrá og rökstuðningi um forsendur sem liggja eigin líkaninu til grundvallar, þar sem breyting á þessum forsendum myndi hafa veruleg áhrif á gjaldþolskröfuna,

g) útskýring á hve fullnægjandi kerfi innra eftirlits vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins er, með tilliti til uppbyggingar og umfangs líkansins,

h) útskýring á hve fullnægjandi úrræði, færni og hlutlægni starfsfólks er sem ber ábyrgð á þróun og fullgildingu eigin líkans,

i) stefnan fyrir breytingu á eigin líkani sem um getur í 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

j) lýsing á ferlinu sem tryggir samræmi milli þeirra aðferða sem notaðar eru til að reikna út spá um líkindadreifingu og þeirra aðferða sem notaðar eru til að reikna út vátryggingaskuld skv. 2. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

k) skrá um gögn sem notuð eru í eigin líkani þar sem tilgreindar eru heimildir, einkenni og notkun, og lýsing á ferlinu sem tryggir að gögnin séu nákvæm, fullgerð og viðeigandi,

l) niðurstöðurnar af skiptingu hagnaðar og taps og lýsing á skiptingu hagnaðar og taps í samræmi við 123. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þ.m.t. hagnaður og tap, helstu rekstrareiningar félagsins og skipting hagnaðar eða taps í heild hvað varðar áhættuflokka og helstu rekstrareiningar,

m) lýsing á sjálfstæðu fullgildingarferli eigin líkans og skýrsla um niðurstöður síðasta fullgildingarferlis í samræmi við 124. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þ.m.t. hvaða tilmælum var beitt og hvernig brugðist var við þeim,

n) skrá um skjöl sem mynda hluta skjalahalds eigin líkans eins og sett er fram í 125. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

o) ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag notar líkan eða gögn frá þriðja aðila eins og um getur í 126. gr. tilskipunar 2009/138/EB, staðfesting þess að notkun slíks ytra líkans eða gagna skerði ekki getu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 101. gr. og 120.–125. gr. þeirrar tilskipunar og, ef um er að ræða hlutalíkan skv.113. gr. þeirrar tilskipunar, nothæfi þess líkans eða gagna innan innra líkans og útskýring sem sýnir hvers vegna ytri líkön eða gögn eru tekin fram yfir innri líkön eða gögn,

p) mat á gjaldþolskröfunni sem reiknuð er út með eigin líkani á nákvæmasta stigi samkvæmt áhættuflokkun vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, og mat á gjaldþolskröfunni sem reiknuð er út með staðalreglunni á nákvæmasta stigi staðalreglunnar á síðasta tímapunkti fyrir skiladag umsóknarinnar, þar sem gjaldþolskrafan var reiknuð út með staðalreglunni. Ef sótt er um áður en nokkur gjaldþolskrafa er reiknuð út skal mat á gjaldþolskröfunni reiknað út samkvæmt staðalreglunni með stikum staðalreglunnar en ekki stikum sem varða vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sérstaklega,

q) auðkenni á þeim viðskiptahluta vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem hefur verið flokkaður sem meiriháttar rekstrareining og rökstuðningur fyrir þessari flokkun,

r) ef um er að ræða hlutalíkön, útskýring á því hvernig samþættingaraðferðin sem lögð er til uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB og, ef um er að ræða aðra aðferð en sjálfgefnu aðferðina sem um getur í 1. mgr. 239. gr. hinnar framseldu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([1]), rökstuðningur fyrir samþættingaraðferðinni sem lögð var til.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélagið skal leggja fram skjalfesta staðfestingu um samþykki umsóknarinnar af hálfu stjórnar-, framkvæmda- eða eftirlitsnefndar eins og sett er fram í 116. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

6. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal leggja fram skrá um öll skjöl og söfn vitnisburða sem fylgja umsókninni. Ef innihald skjals skiptir máli fyrir önnur skjöl skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið vekja athygli á því á hvern hátt það skiptir máli og láta millivísanir fylgja.

3. gr.

Mat á umsókninni

1. Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta viðtöku umsóknar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu ákvarða hvort umsóknin sé fullnægjandi innan 30 daga frá viðtöku umsóknarinnar. Umsókn um að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfuna telst fullnægjandi ef hún inniheldur öll þau skjöl sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr.

3. Ef eftirlitsyfirvöld ákvarða að umsóknin sé ekki fullnægjandi skulu þau þegar í stað tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu, sem lagði umsóknina fram, að sex mánaða samþykkistímabil sé ekki hafið og tilgreina ástæður þess að umsóknin sé ekki fullnægjandi.

4. Ef eftirlitsyfirvöld ákvarða að umsóknin sé fullnægjandi skulu þau tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu, sem lagði umsóknina fram, að umsóknin sé fullnægjandi og frá hvaða dagsetningu sex mánaða tímabilið hefjist. Sú dagsetning skal vera dagurinn sem fullnægjandi umsókn var móttekin.

5. Ef eftirlitsyfirvöld telja umsókn fullnægjandi skal það ekki koma í veg fyrir að eftirlitsyfirvaldið fari fram á viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti framkvæmt matið. Í beiðninni skulu tilgreindar viðbótarupplýsingarnar sem farið er fram á ásamt ástæðum fyrir beiðninni.

6. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal tryggja að öll skjöl sem um getur í 125. gr. tilskipunar 2009/138/EB séu gerð aðgengileg eftirlitsyfirvöldum, þ.m.t. á rafrænu formi alltaf þegar mögulegt er, meðan á mati umsóknarinnar stendur.

7. Matið á umsókninni skal fela í sér stöðug samskipti við vátrygginga- eða endurtryggingafélagið og getur innihaldið beiðnir um leiðréttingar á eigin líkani og, ef um hlutalíkan er að ræða, umbreytingaráætlun eins og sett er fram í 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12.17.2015. bls 1).

8. Ef eftirlitsyfirvöld ákvarða að mögulegt væri að samþykkja eigið líkan með fyrirvara um lagfæringar á því, geta þau tilkynnt það vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu.

9. Ef eftirlitsyfirvöld fara fram á frekari upplýsingar um eigið líkan eða leiðréttingar á því getur vátrygginga- eða endurtryggingafélagið farið fram á tímabundna stöðvun á sex mánaða samþykkistímabilinu sem um getur í 4. mgr. 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þeirri tímabundnu stöðvun skal ljúka þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur gert nauðsynlegar lagfæringar og eftirlitsyfirvöld hafa fengið breytta umsókn með skjalfestri staðfestingu á breytingunum. Eftirlitsyfirvöld skulu þá upplýsa vátrygginga- eða endurtryggingafélagið um lokadagsetningu samþykkistímabilsins.

4. gr.

Réttur félagsins til að afturkalla umsóknina

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem hefur lagt fram umsóknina um að nota eigið líkan til að reikna gjaldþolskröfuna út getur afturkallað þá umsókn skriflega með tilkynningu til eftirlitsyfirvalda, hvenær sem er áður en ákvörðun um umsóknina er tekin.

5. gr.

Ákvörðun um umsókn

1. Eftirlitsyfirvöld skulu því aðeins samþykkja umsókn um notkun eigin líkans að þau hafi fullvissað sig um að kerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags til að greina, mæla, fylgjast með, stjórna og tilkynna um áhættu séu fullnægjandi, og einkum að þau hafi fullvissað sig um að eigin líkan fullnægi kröfunum sem settar eru fram í 101. gr., 112. gr. og 120.–125. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og einnig 113. gr. þeirrar tilskipunar ef um hlutalíkan er að ræða.

2. Þá skulu eftirlitsyfirvöld því aðeins samþykkja umsókn um notkun eigin líkans að þau hafi fullvissað sig um að stefnan um breytingar á líkani fullnægi kröfunum sem settar eru fram í 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þegar eftirlitsyfirvald hefur tekið ákvörðun um umsókn skal það án tafar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu ákvörðun sína skriflega. Í þeirri ákvörðun skal koma fram:

a) ef eftirlitsyfirvaldið samþykkir umsóknina, upphafsdagur notkunar líkansins til að reikna út gjaldþolskröfuna,

b) ef eftirlitsyfirvaldið samþykkir umsóknina, allir skilmálar og skilyrði sem tengjast samþykki ákvörðunarinnar, ásamt ástæðunum fyrir þessum skilmálum og skilyrðum,

c) ef eftirlitsyfirvaldið hafnar umsókninni, ástæðurnar sem búa að baki þeirri ákvörðun,

d) ef eftirlitsyfirvaldið hefur farið fram á umbreytingaráætlun í samræmi við 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ákvörðun um samþykki umbreytingaráætlunarinnar sem um getur í 6. gr.

3. Eftirlitsyfirvöld skulu ekki gefa upp að vátrygginga- eða endurtryggingafélag hafi sótt um að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfuna, og að umsókn hafi verið hafnað eða hún dregin til baka.

6. gr.

Umbreytingaráætlun til að rýmka gildissvið líkansins

1. Í tilvikinu sem um getur í 2. mgr. 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal eftirlitsyfirvaldið útskýra ástæður þess að fara fram á umbreytingaráætlun og ákveða gildissviðið sem eigið líkan verður að lágmarki að taka til, eftir að umbreytingaráætlunin kemur til framkvæmda.

2. Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skal samþykkja umbreytingaráætlunina og tilgreina með skýrum hætti tímabilið til að koma áætluninni í framkvæmd, rýmkun gildissviðsins og þær ráðstafanir og tilföng sem nauðsynleg eru til að rýmka gildissvið eigin líkans. Eftirlitsyfirvöld skulu meta áætlunina sem félagið leggur fram. Ef nauðsyn krefur getur eftirlitsyfirvaldið farið fram á breytta umbreytingaráætlun sem stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samþykkir, sem leggja á fram til samþykktar.

3. Ef félagið kemur umbreytingaráætluninni um að rýmka gildissvið líkansins ekki í framkvæmd getur eftirlitsyfirvaldið, án þess að hafa áhrif á neinar aðrar tiltækar eftirlitsráðstafanir, gripið til hverra eftirtalinna ráðstafana:

a) framlengt tímabilið til að koma áætluninni í framkvæmd,

b) framlengt tímabilið til að koma áætluninni í framkvæmd, með fyrirvara um breytingar á áætluninni,

c) farið fram á að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið reikni gjaldþolskröfuna út samkvæmt staðalreglunni sem sett er fram í 103.–111. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) leyft notkun hlutalíkans með takmarkaðra gildissviði en lágmarksgildissviðið sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

Breytingar á eigin líkani

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal hafa með, í umsókninni um samþykki á verulegri breytingu á eigin líkani, skjalfesta staðfestingu þess að eftir að hinum verulegu breytingum á eigin líkani hefur verið beitt væri farið að kröfunum sem settar eru fram í 101. gr., 112. gr. og 120.–126. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og einnig 113. gr. þeirrar tilskipunar ef um hlutalíkan er að ræða.

2. Í umsókninni skal vátrygginga- eða endurtryggingafélag hafa skjölin með sem sett eru fram í 2. gr. ef verulegar breytingar á eigin líkani hefðu áhrif á innihald þeirra, ásamt ábendingu um breytingarnar á þeim, og ítarlega lýsingu á eigindlegum og megindlegum áhrifum hinnar verulegu breytingar á samþykkta eigið líkan og útkomur þess.

8. gr.

Breytingar á stefnunni um að breyta eigin líkani

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal hafa með í umsókninni um samþykki á breytingu á þeirri stefnu sem fylgja skal þegar eigin líkani er breytt, ástæðu þess að breyta stefnunni um að breyta eigin líkani og vísbendingu um að farið verði að kröfunum um að samþykkja þessa stefnu eftir að breytingum hefur verið komið á.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu því aðeins samþykkja umsókn um breytingu á stefnunni um að breyta eigin líkani að þau séu þess fullviss að gildissvið stefnunnar sé víðtækt og að verklagsreglurnar, sem lýst er í stefnunni um að breyta eigin líkani, tryggi að innra líkanið uppfylli, á viðvarandi hátt, kröfurnar sem settar eru fram í 101. gr., 112. gr. og 120.–125. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og einnig 113. gr. þeirrar tilskipunar ef um hlutalíkan er að ræða.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/500 **2018/EES/29/04**

frá 24. mars 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki eftirlitsyfirvalda á umsókn um aðlögun vegna samræmingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 3. mgr. 86. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 77. greinar b í tilskipun 2009/138/EB gerir vátrygginga- og endurtryggingafélögum kleift að beita aðlögun vegna samræmingar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, með fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsyfirvalda þar sem ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Setja skal reglur varðandi þær málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki umsóknar um aðlögun vegna samræmingar.

2) Svo umsókn megi teljast fullgerð skal hún fela í sér allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir mat og ákvörðun eftirlitsyfirvalda. Til að mynda samræmdan grunn fyrir mat og ákvörðun eftirlitsyfirvalda ætti umsókn að fela í sér staðfestingu á að sérhvert þeirra skilyrða, sem sett eru fram í 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB, hafi verið uppfyllt.

3) Umsóknin um aðlögun vegna samræmingar er stefnumótandi ákvörðun að því er varðar áhættustýringu og fjármagnsstýringu. Þátttaka stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar í ákvarðanatökuferlinu um umsóknina skyldi skoðuð vandlega á grundvelli endanlegrar ábyrgðar hennar á hlítingu eins og fram kemur í 40. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4) Til viðbótar við 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB felur sú tilskipun í sér aðrar kröfur í 44., 45. og 77. gr. c sem gilda um vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem nota aðlögun vegna samræmingar. Umsókn ætti því að fela í sér staðfestingu þess efnis að allar þessar kröfur verða uppfylltar ef samþykki er veitt.

5) Málsmeðferðarreglur sem fylgja skal við samþykki aðlögunar vegna samræmingar gera ráð fyrir stöðugum samskiptum á milli eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga. Þar með eru talin samskipti áður en formleg umsókn er lögð fram til eftirlitsyfirvalda og, eftir að umsókn hefur verið samþykkt, í tengslum við eftirlitsferlið. Slík stöðug samskipti eru nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á viðeigandi og uppfærðum upplýsingum og gögnum.

6) Til að tryggja snurðulaust og skilvirkt ferli ættu eftirlitsyfirvöld að geta farið fram á að vátrygginga- og endurtryggingafélög geri breytingar á umsókn til að taka á atriðum þar sem framlögð gögn nægja ekki til að sýna fram á að farið sé að viðeigandi skilyrðum, sem sett eru fram í 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB, áður en endanleg ákvörðun er tekin um að samþykkja umsóknina eða hafna henni.

7) Auk þess að taka tillit til gagna sem lögð eru fram með umsókninni ættu eftirlitsyfirvöld að skoða aðra þætti sem skipta máli þegar ákvörðun er tekin um hvort kröfunum í tilskipun 2009/138/EB hefur verið fullnægt.

8) Þar eð hægt er að stýra samræmdum eignasöfnum á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis ætti einnig að leyfa fyrirtækjum, sem hafa hlotið samþykki til að nota aðlögun vegna samræmingar til að verðmeta samsvarandi skuldbindingar, að nota þá aðlögun til að verðmeta vátryggingaskuldbindingar sem myndast í framtíðinni, að því marki sem þessar skuldbindingar og samsvarandi eignir hafa sömu einkenni og skuldbindingar og eignir sem eru í upphaflega samræmda eignasafninu og fela þar með í sér sömu áhættur gagnvart viðkomandi félagi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

9) Vegna víxltengsla milli mismunandi umsókna til samþykktar samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, þegar sótt er um samþykki fyrir aðlögun vegna samræmingar, að upplýsa eftirlitsyfirvaldið um aðrar umsóknir varðandi liðina í 1. mgr. 308. gr. a í tilskipun 2009/138/EB sem nú eru í ferli eða reikna má með innan sex mánaða. Slík krafa er nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á gagnsæjum og óhlutdrægum upplýsingum.

10) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]).

12) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umsókn um að nota aðlögun vegna samræmingar

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem sækja um að nota aðlögun vegna samræmingar skulu leggja fram skriflega umsókn til eftirlitsyfirvaldsins um fyrirframsamþykki.

2. Umsóknin skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með aðalskrifstofu, eða á tungumáli sem eftirlitsyfirvaldið hefur áður samþykkt, og skal fela í sér að minnsta kosti þær upplýsingar sem krafist er í 3. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að umsóknin taki til allra annarra viðeigandi upplýsinga sem þau telja að kunni að vera nauðsynlegar fyrir mat og ákvörðun eftirlitsyfirvaldsins. Umsóknin skal innihalda skjalfesta sönnun fyrir eigin ferli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins við ákvarðanatöku í tengslum við umsóknina.

4. Þegar lögð er fram umsókn vegna fleiri en eins eignasafns vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga skulu sannanirnar, sem krafist er í 3. og 6. gr. þessarar reglugerðar, settar fram aðskilið fyrir sérhvert eignasafn sem umsóknin nær til.

2. gr.

Innihald umsóknar sem varðar tiltekið eignasafn

Í tengslum við tiltekið eignasafn sem krafist er í a-lið 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB skal umsóknin fela í sér að minnsta kost eftirfarandi:

a) sönnun þess efnis að tiltekið eignasafn uppfylli öll viðeigandi skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB,

b) upplýsingar um eignirnar í tiltekna eignasafninu, sem skulu samanstanda af upplýsingum um einstaka eignir, ásamt aðferðinni sem notuð er til að flokka eignirnar eftir eignaflokkum, útlánagæðum og tímalengd í þeim tilgangi að ákvarða grunnáhættuálagið sem um getur í b-lið 1. mgr. 77. gr. c í tilskipun 2009/138/EB,

c) lýsingu á ferlinu sem notað er til að viðhalda tiltekna eignasafninu í samræmi við a-lið 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB, þ.m.t. ferlinu við að viðhalda útreikningi á væntum sjóðstreymum ef þau hafa breyst verulega.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

3. gr.

Innihald umsóknar sem varðar eignasafn vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar

Að því er varðar eignasafn vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga sem aðlögun vegna samræmingar er ætlað að gilda um skal umsóknin að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

a) sönnun þess að vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar uppfylli allar viðmiðanir sem tilgreindar eru í d-, e-, g- og j-lið 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB,

b) megindleg gögn þess efnis að besta mat á eignasafni vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingum aukist ekki um meira en 5% við álag vegna dánaráhættu, sem tilgreint er í 52. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([1]), ef dánaráhætta er til staðar.

4. gr.

Innihald skriflegrar umsóknar varðandi samræmingu sjóðstreymis og stýringu eignasafna

Með tilliti til samræmingar sjóðstreymis og stýringar hæfs eignasafns skuldbindinga og tiltekins eignasafns skal umsóknin að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

a) megindleg gögn þess efnis að viðmiðanir í c-lið 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB séu uppfylltar, þ.m.t. megindlegt og eigindlegt mat á því hvort hugsanlegt misræmi leiðir til áhætta sem séu mikilvægar miðað við áhættur sem eru innbyggðar í vátryggingastarfsemina sem aðlögun vegna samræmingar er ætlað að gilda um,

b) gögn þess efnis að fullnægjandi ferli verði til staðar til að greina, skipuleggja og stjórna, á tilhlýðilegan hátt, eignasafni skuldbindinga og tilteknu eignasafni á þann hátt sem er aðgreindur frá annarri starfsemi fyrirtækisins, og til að tryggja að tilgreindar eignir verði ekki notaðar til að mæta tapi sem stafar af annarri starfsemi fyrirtækisins, í samræmi við b-lið 1. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB,

c) gögn sem sýna hvernig gjaldþol verður aðlagað í samræmi við 81. gr. tilskipunar 2009/138/EB til að endurspegla skert framsalshæfi,

d) gögn sem sýna hvernig gjaldþolskrafa verður aðlöguð til að endurspegla á viðeigandi hátt hugsanlega minnkuð fjölþættingaráhrif. Þar sem við á skal þetta fela í sér staðfestingu þess efnis að farið sé að 216., 217. og 234. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög hyggjast reikna út gjaldþolskröfu með eigin líkani en hafa ekki hlotið nauðsynlegt samþykki eftirlitsyfirvalda skal leggja fram þær sannanir sem krafa er gerð um í þessari málsgrein á grundvelli niðurstöðu staðalreglunnar sem og ósamþykkta eigin líkansins.

5. gr.

Viðbótarefni skriflegu umsóknarinnar

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar skal umsóknin fela í sér eftirfarandi:

a) staðfestingu þess að skilyrðin í 3. mgr. 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB verði uppfyllt ef eftirlitsyfirvöld veita samþykki fyrir notkun aðlögunar vegna samræmingar,

b) lausafjáráætlun, sem krafist er skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) matið, sem krafist er skv. b-lið 2. mgr. a í 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) matið, sem krafist er skv. 2. mgr. a í 45. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) nána útskýringu og dæmi um útreikningsferlið sem notað er til að ákvarða aðlögun vegna samræmingar í samræmi við kröfurnar í 77. gr. c í tilskipun 2009/138/EB,

f) skrá um hinar umsóknirnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur lagt fram, eða reiknar með að leggja fram á næstu sex mánuðum, til samþykktar á einhverju þeirra innleiðingaratriða sem talin eru upp í 1. mgr. 308. gr. a í tilskipun 2009/138/EB.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

6. gr.

Mat á umsókninni

1. Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta viðtöku umsóknar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Eftirlitsyfirvaldið skal telja umsókn fullgerða ef hún felur í sér öll þau gögn sem krafist er í 2.–5. gr. þessarar reglugerðar.

3. Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta hvort umsóknin er fullnægjandi innan 30 daga frá viðtöku umsóknarinnar.

4. Ef eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að umsóknin sé ekki fullnægjandi skal það þegar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu að samþykkistímabilið sé ekki hafið og tilgreina ástæður þess að umsóknin telst ekki fullnægjandi.

5. Eftirlitsyfirvaldið skal gæta þess að taka ákvörðun um umsókn innan sex mánaða frá því að fullnægjandi umsókn er veitt viðtaka.

6. Hafi eftirlitsyfirvald staðfest að umsókn sé fullnægjandi skal það ekki koma í veg fyrir að það eftirlitsyfirvald fari fram á viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti framkvæmt matið. Í beiðninni skulu tilgreindar viðbótarupplýsingarnar sem farið er fram á ásamt ástæðum fyrir beiðninni.

7. Matið á umsókninni skal fela í sér áframhaldandi samskipti við vátrygginga- eða endurtryggingafélagið og getur innihaldið beiðnir frá eftirlitsyfirvöldum um breytingar á því hvernig fyrirtækið hyggst beita aðlögun vegna samræmingar. Ef eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að mögulegt gæti verið að samþykkja umsókn um aðlögun vegna samræmingar með fyrirvara um að breytingar verði gerðar, skal það án tafar tilkynna vátrygginga- og endurtryggingafélaginu skriflega um þær breytingar sem farið er fram á.

8. Dagarnir frá því að eftirlitsyfirvaldið fer fram á viðbótarupplýsingar eða breytingar í samræmi við 6. eða 7. mgr. og þar til eftirlitsyfirvaldið móttekur slíkar upplýsingar eða breytingar skulu ekki taldir með í sex mánaða tímabilinu sem getur í 5. mgr.

9. Vátrygginga- og endurtryggingafélagið skal tryggja að öll skjalfest gögn séu gerð aðgengileg eftirlitsyfirvaldinu, þ.m.t. á rafrænu formi þegar mögulegt er, meðan á mati umsóknarinnar stendur.

10. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal upplýsa eftirlitsyfirvaldið um allar breytingar á upplýsingum í umsókn sinni. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag upplýsir eftirlitsyfirvald um breytingu á umsókn sinni skal farið með það sem nýja umsókn nema:

a) breytingin stafi af beiðni frá eftirlitsyfirvaldinu um viðbótarupplýsingar eða breytingar eða,

b) eftirlitsyfirvaldið hafi fullvissað sig um að breytingin hafi ekki veruleg áhrif á mat sitt á umsókninni.

11. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag má draga umsókn til baka með skriflegri tilkynningu hvenær sem er áður en eftirlitsyfirvaldið tekur ákvörðun sína. Leggi vátrygginga- eða endurtryggingafélagið umsóknina fram aftur eða leggi fram uppfærða umsókn skal eftirlitsyfirvaldið fara með hana sem nýja umsókn.

7. gr.

Ákvörðun um umsókn

1. Eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að taka til athugunar aðrar sannanir en þær sem taldar eru upp í 2.-5. gr. þessarar reglugerðar, ef þær skipta máli við mat á því hvort farið er að skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 77. gr. b og 77. gr. c í tilskipun 2009/138/EB þegar ákvörðun er tekin um samþykki umsóknarinnar.

2. Ákvörðun eftirlitsyfirvalda um samþykki umsóknar skal tilkynnt skriflega á sama tungumáli og umsóknin.

3. Hafi ein umsókn borist að því er varðar fleiri en eitt eignasafn vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga er eftirlitsyfirvaldinu heimilt að ákveða að samþykkja umsóknina að því er varðar sum en ekki öll eignasöfnin sem falla undir umsóknina. Í því tilviki skal skrifleg tilkynning um ákvörðunina tilgreina á hvaða eignasöfn vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga beita má aðlögun vegna samræmingar.

4. Ákveði eftirlitsyfirvald að hafna umsókn að því er varðar sum eða öll eignasöfnin í umsókninni skal það gera skýra grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar.

5. Þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög hljóta samþykki fyrir að beita aðlögun vegna samræmingar á eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga skal umfang samþykktu ákvörðunarinnar talið ná yfir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar og -eignir sem bætt er við það samræmda eignasafn í framtíðinni, að því tilskildu að fyrirtæki geti sýnt fram á eftirfarandi:

a) skuldbindingar og -eignir í framtíðinni hafa sömu einkenni og skuldbindingar og eignir í samræmda eignasafninu sem samþykki var veitt fyrir,

b) samræmda eignasafnið uppfyllir áfram viðeigandi skilyrði í tilskipun 2009/138/EB.

8. gr.

Afturköllun eftirlitsyfirvalds á samþykki sínu

Ef eftirlitsyfirvald telur að vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem hlotið hefur samþykki til að nota aðlögun vegna samræmingar uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 77. gr. b eða 77. gr. c í tilskipun 2009/138/EB skal það eftirlitsyfirvald tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu um það tafarlaust og útskýra hvers vegna skilyrðin eru ekki uppfyllt.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2011 **2018/EES/29/05**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB sem skipta máli við útreikning á markaðs- og mótaðila–áhættueiningu í gjaldþolskröfu með staðalreglunni.

2) Ef við á, ættu héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem eru í þessum skrám að flokkast eftir tegund, að teknu tilliti til skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 85. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]).

3) Eftirlitsyfirvöld hafa veitt viðeigandi upplýsingar um sérstaka tekjuöflunarmöguleika og fyrirliggjandi sérstakar ráðstafanir samkvæmt landslögum í tengslum við héraðsstjórnir og staðaryfirvöld í umdæmum sínum og um að hvaða marki þær stjórnir og yfirvöld fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 109. gr. a í tilskipun 2009/138/EB.

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld

Líta skal á eftirfarandi héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem aðila, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum sem hefur lögsögu þar sem þau eru, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 109. gr. a í tilskipun 2009/138/EB.

1) í Austurríki: „Land“ eða „Gemeinde“,

2) í Belgíu: „communauté“ eða „gemeenschap“, „région“ eða „gewest“, „province“ eða „provincie“ eða „commune“ eða „gemeente“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

3) í Danmörku: „region“ eða „kommune“,

4) í Finnlandi: „kaupunki“ eða „stad“, „kunta“ eða „kommun“ eða „Ahvenanmaan maakunta“ eða „Landskapet Åland“,

5) í Frakklandi: „région“, „département“ eða „commune“,

6) í Þýskalandi: „Land“, „Gemeindeverband“ eða „Gemeinde“,

7) í Liechtenstein: „Gemeinde“,

8) í Litáen: „savivaldybė“,

9) í Lúxemborg: „commune“,

10) í Hollandi: „provincie“, „waterschap“ eða „gemeente“,

11) í Póllandi: „województwo“, „związek powiatów“, „powiat“, „związek międzygminny“, „gmina“ eða „miasto stołeczne Warszawa“,

12) í Portúgal: „Região Autónoma dos Açores“ eða „Região Autónoma da Madeira“,

13) á Spáni: „comunidad autónoma“ eða „corporación local“,

14) í Svíþjóð: „region“, „landsting“ eða „kommun“,

15) í Breska konungsríkinu: Scottish Parliament, National Assembly for Wales eða Northern Ireland Assembly.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2012 **2018/EES/29/06**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur vegna ákvarðana um að leggja á, reikna út og fella niður viðbótargjaldþolskröfu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2009/138/EB gerir mögulegt fyrir eftirlitsyfirvöld að leggja á viðbótargjaldþolskröfu fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélög. Nauðsynlegt er að kveða á um málsmeðferðarreglur vegna ákvarðana um að leggja á, reikna út og fella niður viðbótargjaldþolskröfu.

2) Til að gera vátrygginga- eða endurtryggingafélagi kleift að leggja fram upplýsingar og rökstuðning sem gæti dregið úr eða haft áhrif til endurmats á þörfinni fyrir viðbótargjaldþolskröfu, áður en ákvörðun er tekin um að leggja á viðbótargjaldþolskröfu, ætti eftirlitsyfirvald að gefa vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu kost á að leggja fram gagnrök gegn því að viðbótargjaldþolskrafa sé lögð á.

3) Samvinna vátrygginga- eða endurtryggingafélags við eftirlitsyfirvald er nauðsynleg til að tryggja skilvirkni viðbótargjaldþolskröfu sem eftirlitsráðstöfun. Til að gera eftirlitsyfirvaldi kleift að byggja viðbótargjaldþolskröfu á nákvæmum og uppfærðum upplýsingum, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélag að reikna út viðbótargjaldþolskröfu þegar eftirlitsyfirvald fer fram á það.

4) Til að gera vátrygginga- eða endurtryggingafélagi kleift að ráða bót á annmörkum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var lögð á, er nauðsynlegt að tilgreina inntak ákvörðunar um að fastsetja viðbótargjaldþolskröfu.

5) Eftirlitsyfirvald og vátrygginga- eða endurtryggingafélag ættu ekki að reiða sig eingöngu á árlega endurskoðun á viðbótargjaldþolskröfu, heldur ættu á fyrirbyggjandi hátt að vakta aðstæðurnar sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var lögð á, til að geta gert viðeigandi ráðstafanir. Í þessu skyni ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið þess vegna að leggja fyrir eftirlitsyfirvald framvinduskýrslu um úrbætur á annmörkunum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafan var ákveðin. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um málsmeðferð við endurskoðun ákvarðana um viðbótargjaldþolskröfu ef meiriháttar breyting verður á aðstæðunum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafan var ákveðin.

6) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilkynning áður en viðbótargjaldþolskrafa er sett á

1. Eftirlitsyfirvald skal tilkynna hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélagi um ásetning sinn að leggja á viðbótargjaldþolskröfu og ástæðurnar fyrir að viðbótargjaldþolskrafan er ákveðin.

2. Eftirlitsyfirvald skal setja tímamörk sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur til að bregðast við tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. Eftirlitsyfirvald skal taka tillit til allra upplýsinga sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag veitir áður en það tekur ákvörðun.

2. gr.

Útreikningur á viðbótargjaldþolskröfu

Ef eftirlitsyfirvald krefst þess skal vátrygginga- eða endurtryggingafélag framkvæma útreikning á viðbótargjaldþolskröfu í samræmi við fyrirmæli eftirlitsyfirvaldsins.

3. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

1. Eftirlitsyfirvald getur farið fram á að vátrygginga- eða endurtryggingafélag veiti upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir ákvörðunartöku um að leggja á viðbótargjaldþolskröfu, innan tímamarka sem eftirlitsyfirvaldið ákveður.

2. Þegar tímamörkin sem um getur í 1. mgr. eru ákvörðuð skal eftirlitsyfirvald skoða sérstaklega líkur á hvers konar neikvæðum áhrifum á vátryggingartaka og rétthafa sem og erfiðleika því tengdu.

3. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal þegar í stað tilkynna eftirlitsyfirvaldi ef það getur ekki virt tímamörkin sem um getur í 1. mgr.

4. gr.

Ákvörðun um að leggja á viðbótargjaldþolskröfu

1. Eftirlitsyfirvald skal tilkynna skriflega um ákvörðun sína um að leggja á viðbótargjaldþolskröfu til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Ákvörðun eftirlitsyfirvalds skal vera nægjanlega nákvæm til að gera vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu kleift að skilja til hvaða ráðstafana það þarf að grípa eða hvaða annmarka það þarf að ráða bót á til að viðbótargjaldþolskrafan sé felld niður.

3. Ákvörðunin sem um getur í 2. mgr., skal ná yfir:

a) ástæður þess að viðbótargjaldþolskrafa er lögð á,

b) aðferðafræðina fyrir útreikninginn á viðbótargjaldþolskröfunni og upphæð viðbótargjaldþolskröfunnar,

c) dagsetninguna sem viðbótargjaldþolskrafan gildir frá,

d) ef við á, tímamörkin sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur til að ráða bót á annmörkum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var ákveðin,

e) ef við á, innihald og hversu oft á að leggja fram framvinduskýrslur sem láta ber í té í samræmi við 5. gr.

5. gr.

Framvinduskýrsla

Í tilvikunum sem sett eru fram í b- og c-liðum 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB og fari eftirlitsyfirvald fram á það, skal vátrygginga- eða endurtryggingafélag upplýsa eftirlitsyfirvaldið um árangurinn sem það hefur náð við að ráða bót á annmörkum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var lögð á og til hvaða viðeigandi aðgerða það hefur gripið.

6. gr.

Endurskoðun viðbótargjaldþolskröfu

1. Eftirlitsyfirvald skal endurskoða álagða viðbótargjaldþolskröfu ef meiriháttar breyting verður á aðstæðunum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var lögð á.

2. Í framhaldi af endurskoðun á álagðri viðbótargjaldþolskröfu skal eftirlitsyfirvald viðhalda, breyta eða fella niður viðbótargjaldþolskröfu.

7. gr.

Viðhald, breyting eða brottfall viðbótargjaldþolskröfu

Þegar tekið er til athugunar hvort viðhalda eigi, breyta eða fella niður viðbótargjaldþolskröfu skal eftirlitsyfirvald taka tillit til alls eftirfarandi:

a) upplýsinga sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag leggur fram við undirbúning álagningar og útreiknings viðbótargjaldþolskröfu,

b) upplýsinga sem eftirlitsyfirvald aflar í gegnum eftirlitsferlið og sérhverja síðari eftirlitsstarfsemi,

c) upplýsinga sem veittar eru í framvinduskýrslunni, fari eftirlitsyfirvald fram á þær í samræmi við 5. gr.,

d) allra annarra viðeigandi upplýsinga sem gefa til kynna meiriháttar breytingu á aðstæðunum sem leiddu til þessar að viðbótargjaldþolskrafa var lögð á.

8. gr.

Ákvörðun um að breyta eða fella brott viðbótargjaldþolskröfu

1. Eftirlitsyfirvald skal án tafar tilkynna skriflega um ákvörðun sína um að breyta eða fella brott viðbótargjaldþolskröfu og gildistökudag þeirrar ákvörðunar til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Ef eftirlitsyfirvald ákveður að breyta viðbótargjaldþolskröfu skal það samþykkja nýja ákvörðun í samræmi við 2. og 3. mgr. 4. gr.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2013 **2018/EES/29/07**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar útreikninginn á áhættueiningu heilsutrygginga í staðalreglunni fyrir gjaldþolskröfuna ætti að mæla fyrir um staðalfrávik fyrir iðgjalda- og varasjóðsáhættu í tengslum við tilgreindar, landsbundnar löggjafaráðstafanir sem heimila að greiðslum krafna vegna heilbrigðisáhættu sé skipt milli vátrygginga- og endurtryggingafélaga.

2) Eingöngu ætti að mæla fyrir um slík staðalfrávik í tengslum við hollensku sjúkratryggingalögin (*Zorgverzekeringswet*) þar sem kveðið er á um skyldubundna grunnheilsutryggingu (*basisverzekering*) í Hollandi (hér á eftir „sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í Hollandi“). Samkvæmt könnun sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gerði er sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í Hollandi eina slíka kerfið í Sambandinu sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB.

3) Staðalfrávikin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hafa verið ákvörðuð að teknu tilliti til útreikninganna frá seðlabanka Hollands (De Nederlandsche Bank).

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Staðalfrávik

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, fyrir vátryggingu vegna sjúkrakostnaðar og hlutfallslega endurtryggingu sem falla undir sveiflujöfnun heilsutrygginga í Hollandi, nota eftirfarandi staðalfrávik við útreikninginn á áhættueiningu heilsutrygginga:

a) 2,7% fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging (NSLT),

b) 5% fyrir varasjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2014 **2018/EES/29/08**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur og sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsaðila samstæðu og fyrir upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 4. mgr. 249. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með fyrirvara um önnur samstarfsform og upplýsingaskipti sem geta átt sér stað tvíhliða eða marghliða milli eftirlitsyfirvalda eru verklagsreglur og sniðmát einkum nauðsynleg til að greiða fyrir skilvirkum og samleitnum upplýsingaskiptum milli eftirlitsyfirvalda í samstarfshópi eftirlitsaðila, þar sem samstarfshópur eftirlitsaðila ætti að vera helsti vettvangur fyrir upplýsingaskipti meðal eftirlitsyfirvalda samstæðu.

2) Þessar verklagsreglur og sniðmát eru ætlaðar eftirlitsyfirvöldum í samstarfshópi eftirlitsaðila sem ákveða, sem hluti af samræmingarsamkomulaginu, hvaða upplýsinga er þörf fyrir starfsemi samstarfshóps eftirlitsaðila og samkvæmt hvaða fyrirkomulagi ætti að skiptast á þeim skv. 357. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]).

3) Skilvirkt eftirlit útheimtir að upplýsingaskipti og samstarf milli eftirlitsyfirvalda taki tillit til eðlis og umfangs samstæðunnar og þess hve flókin hún er, tiltækileika og gerðar upplýsinganna og þeirra gagna sem nýjust eru og mest viðeigandi.

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samstarfshópi eftirlitsaðila

Eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðila skulu skiptast á upplýsingum með kerfisbundnum hætti a.m.k. árlega og, eftir því sem við á, á sértækum grunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12.17.2015. bls 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun fram–kvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Tímamörk fyrir upplýsingaskipti

1. Fyrir öll upplýsingaskipti, hvort sem er á kerfisbundnum eða sértækum grunni, skulu eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðila semja um tímamörk.

2. Frávik frá samþykktum tímamörkum skulu tilkynnt viðkomandi eftirlitsyfirvöldum fyrirfram með viðeigandi rökstuðningi.

3. gr.

Aðferðir við upplýsingaskipti

Eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðila skulu semja um tryggt rafrænt form fyrir upplýsingaskipti, og einnig fyrir form gagna sem nota á við þau upplýsingaskipti.

4. gr.

Gjaldmiðill

Ef eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðila hafa ekki ákveðið annað, sem hluta af samræmdu fyrirkomulagi sem gert var í samræmi við 4. mgr. 248. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirlitsyfirvöld tilgreina fjárhæðir, sem hluta af upplýsingaskiptum innan samstarfshóps eftirlitsaðila, í þeim gjaldmiðli sem gögnunum var skilað í.

5. gr.

Tungumál

Ef eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðila hafa ekki ákveðið annað, sem hluta af samræmdu fyrirkomulagi sem gert var í samræmi við 4. mgr. 248. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirlitsyfirvöldin skiptast á upplýsingum á því tungumáli sem flestir í samstarfshópi eftirlitsaðila skilja.

6. gr.

Yfirlit yfir upplýsingarnar sem skipst skal á í samstarfshópi eftirlitsaðila

Eftirlitsaðili samstæðu skal leggja fram, til hinna eftirlitsyfirvaldanna í samstarfshópi eftirlitsaðila, yfirlit yfir upplýsingarnar sem skipst skal á skv. 357. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og nota sniðmátið sem sett er fram í I. viðauka þessarar reglugerðar.

7. gr.

Framlagning helstu niðurstaðna í framhaldi af eftirlitsferli

1. Hin eftirlitsyfirvöldin í samstarfshópi eftirlitsaðila skulu leggja fram til eftirlitsaðila samstæðu helstu ályktanir sem dregnar eru af eftirlitsferlinu sem er framkvæmt á stigi einstakra vátryggingafélaga skv. c. lið 2. mgr. 357. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og nota sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Eftirlitsaðili samstæðu skal leggja fram til hinna eftirlitsyfirvaldanna í samstarfshópi eftirlitsaðila helstu niðurstöður sem leiddar eru í ljós í framhaldi af eftirlitsferlinu sem er framkvæmt á samstæðustigi skv. iii. lið a-liðar 3. mgr. 357. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og nota sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka þessarar reglugerðar.

8. gr.

Samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda utan samstarfshóps eftirlitsaðila

1. Ef eftirlitsyfirvald í samstarfshópi eftirlitsaðila deilir upplýsingum, sem skipta máli fyrir eftirlit með samstæðu á tvíhliða eða marghliða grunni, með einhverjum af hinum eftirlitsyfirvöldunum í samstarfshópi eftirlitsaðila skal það greina eftirlitsaðila samstæðu frá upplýsingunum innan hæfilegs frests. Eftirlitsaðili samstæðu skal tryggja að upplýsingunum sé dreift til allra hinna eftirlitsyfirvaldanna sem um er að ræða innan samstarfshóps eftirlitsaðila á næsta fundi hópsins eða fyrr.

2. Ef eftirlitsyfirvald í samstarfshópi eftirlitsaðila veitir viðtöku upplýsingum frá þriðja aðila, sem skipta máli fyrir eftirlit með samstæðunni og deilir þessum upplýsingum með einhverjum af hinum eftirlitsyfirvöldunum í samstarfshópi eftirlitsaðila skal það, að því marki sem mögulegt er, með fyrirvara um allar takmarkanir sem lúta að trúnaði sem þriðji aðili kemur á eða eru lögbundnar, greina eftirlitsaðila samstæðu frá upplýsingunum innan hæfilegs frests. Eftirlitsaðili samstæðu skal tryggja að upplýsingunum sé dreift til allra hinna eftirlitsyfirvaldanna í samstarfshópi eftirlitsaðila á næsta fundi hópsins eða áður.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Yfirlit yfir upplýsingarnar sem skipst skal á í samstarfshópi eftirlitsaðila

Gerð upplýsinga / **Nafn fyrirtækis**		**Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu**	**Reglubundin eftirlitsskýrsla**	**Sniðmát megindlegra gagnaskila**	**Helstu niðurstöður eftirlitsferlis**	**Önnur valin gögn**
Hluteignarfyrirtæki	Þáttur					
	Tíðni					
	Frestur					
Dótturfélag	Þáttur					
	Tíðni					
	Frestur					
Annað tengt félag	Þáttur					
	Tíðni					
	Frestur					

Þættir upplýsinga sem skipst skal á, þ.m.t. viðeigandi hlutar frásagnarskýrslna, viðeigandi sniðmát megindlegra gagnaskila, helstu niðurstöður í framhaldi af eftirlitsferlinu og önnur valin gögn, sem og frestir og tíðni eins og samþykkt er í samstarfshópi eftirlitsaðila, skulu tilgreindir í yfirlitinu.

———

II. VIÐAUKI

Framlagning helstu niðurstaðna eftirlitsferlisins

Nafn félagsins eða samstæðunnar	
Niðurstöður áhættumatsins og hinnar viðeigandi, skipulögðu eftirlitsstarfsemi	
Lýsing	
Niðurstöður vettvangsrannsókna eða -skoðunar og eindareftirlits	
Lýsing	
Viðeigandi eftirlitsráðstafanir	
Lýsing	

Helstu niðurstöður í framhaldi af eftirlitsferlinu skulu innihalda niðurstöður áhættumatsins, viðkomandi skipulagða eftirlitsstarfsemi, niðurstöður vettvangsrannsókna, vettvangsskoðunar og eindareftirlits, og viðeigandi eftirlitsráðstafanir eins og samþykkt hefur verið í samstarfshópi eftirlitsaðilanna.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2015 **2018/EES/29/09**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla um verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum fjórðu undirgrein 4. mgr. a 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðbótarmat á því hversu viðeigandi utanaðkomandi lánshæfismat, sem um getur í 4. mgr. a 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er, ætti að vera afar mikilvægur og snar þáttur í áhættustýringarkerfinu, þar eð það dregur úr áhættu sem tengist útreikningi á vátryggingaskuld og gjaldþolskröfu.

2) Þættir sem varða verklag við viðbótarmat skulu koma fram í stefnu um áhættustýringu vátrygginga- og endurtryggingafélaganna, sem um getur í 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þar eð viðbótarmat er hluti af áhættustýringarkerfinu.

3) Taka ætti tillit til eðlis, stærðar og margbreytileika í rekstri vátrygginga- og endurtryggingafélaga þegar þessi félög fella þættina sem varða verklag við viðbótarmat inn í stefnu sína um áhættustýringu og skjalfesta niðurstöðurnar úr viðbótarmatinu og hvernig það mat er framkvæmt.

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stefna um áhættustýringu

Í þeim tilgangi að meta hversu viðeigandi lánshæfismat utanaðkomandi aðila er, sem notað er í útreikningi á vátryggingaskuld og gjaldþolskröfu á grundvelli viðbótarmats sem um getur í 4. mgr. a 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög fella eftirfarandi inn í stefnu sína um áhættustýringu:

a) umfang og tíðni viðbótarmats,

b) með hvaða hætti viðbótarmatið er framkvæmt, þ.m.t. forsendurnar sem það byggir á,

c) tíðni reglubundinnar endurskoðunar á viðbótarmatinu og skilyrðin sem þurfa að vera fyrir hendi fyrir sérstaka endurskoðun á viðbótarmatinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Verkefni starfssviðs áhættustýringar

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að starfssvið áhættustýringar annist viðbótarmat í samræmi við stefnuna um áhættustýringu sem um getur í 1. gr. og taki niðurstöður þess í útreikningi á vátryggingaskuld og gjaldþolskröfu til athugunar með viðeigandi hætti.

3. gr.

Upplýsingar sem notaðar eru fyrir viðbótarmat

Þegar viðbótarmat er framkvæmt skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög nota upplýsingar sem koma frá áreiðanlegum og uppfærðum gögnum.

4. gr.

Endurskoðun á viðbótarmati

1. Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög endurskoða viðbótarmat sitt a.m.k. árlega.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu einnig endurskoða viðbótarmatið eftir þörfum, hvenær sem einhver skilyrðanna samkvæmt c-lið 1. gr. eru fyrir hendi eða ef forsendurnar sem þetta mat byggir á eru ekki lengur gildar.

5. gr.

Skjalavarsla

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu skjalfesta eftirfarandi:

a) með hvaða hætti viðbótarmatið er framkvæmt og niðurstöðurnar úr því mati,

b) að hve miklu leyti tillit er tekið til niðurstaðna viðbótarmatsins í útreikningi á vátryggingaskuld og gjaldþolskröfu.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1868 **2018/EES/29/10**

frá 20. október 2016

um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 35. gr., þriðju undirgrein 6. mgr. 244. gr. og annarri undirgrein 6. mgr. 245. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 2. apríl 2016 öðlaðist framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 ([2]) um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 ([3]) gildi. Í framseldri reglugerð (ESB) 2016/467 er nýr eignaflokkur tekinn upp í lagalegan varfærnisramma fyrir vátryggingar að því er varðar fullgildar innviðafjárfestingar. Þessi nýi eignaflokkur á sviði innviða var afmarkaður af viðmiðum til að tryggja að þessar fjárfestingar sýni traust áhættusnið og fái endurskoðaða kvörðun, sem lækkar gjaldþolskröfuna, á grundvelli þess að hinum ströngu viðmiðum sé fylgt.

2) Með framseldri reglugerð (ESB) 2016/467 er sérstök meðferð í framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 á evrópskum áhættufjármagnssjóðum og evrópskum félagslegum framtakssjóðum rýmkuð þannig að hún nái einnig til evrópskra langtímafjárfestingarsjóða (ELTIF) og 168. gr. þeirrar framseldu reglugerðar breytt til að kveða á um jafngilda meðferð hlutabréfa sem viðskipti eru með á markaðstorgum fjármálagerninga og þeirra sem skráð eru á skipulega verðbréfamarkaði.

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 ([4]) er mælt fyrir um sniðmát fyrir gagnaskil sem vátrygginga- og endurtryggingafélög verða að nota til að veita eftirlitsyfirvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar að því er varðar eftirlit. Til að tryggja að eftirlitsyfirvöld fái einnig viðeigandi upplýsingar, að því er varðar eftirlitsferlið, um fullgildar innviðafjárfestingar vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem og fjárfestingar í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum og hlutabréfum sem viðskipti eru með á markaðstorgum fjármálagerninga ætti að breyta sniðmátunum fyrir gagnaskil þessara félaga til eftirlitsyfirvalda til samræmis við það eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450.

4) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru nokkrar minniháttar ritvillur sem ætti að leiðrétta.

5) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([5]),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 286, 21.10.2016, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/467 frá 30. september 2015 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikninginn á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir nokkra eignaflokka í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga (Stjtíð. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 6).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingaákvæði

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð,

2) ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð,

3) ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,

4) ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingarákvæði

Ákvæði framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2015/2450 eru leiðrétt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 er breytt sem hér segir:

1) Í stað S.26.01.01 komi eftirfarandi:

„S.26.01.01

Gjaldþolskrafa — Markaðsáhætta

112. gr.	**Z0010**	

Einfaldanir sem eru notaðar		**C0010**
Einfaldanir — vikáhætta — skuldabréf og lán	**R0010**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — vaxtaáhætta	**R0020**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — vikáhætta á skuldabréf og lán	**R0030**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — samþjöppunaráhætta	**R0040**	

		Upphafleg algildi fyrir skell		**Algildi eftir skell**				
		Eignir	**Skuldir**	**Eignir**	**Skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar)**	**Hrein gjald-þolskrafa**	**Skuldir (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar)**	**Verg gjald-þolskrafa**
Markaðsáhætta — Grunnupplýsingar		**C0020**	**C0030**	**C0040**	**C0050**	**C0060**	**C0070**	**C0080**
Vaxtaáhætta	**R0100**							
vaxtalækkunarskellur	**R0110**							
vaxtahækkunarskellur	**R0120**							
Hlutabréfaáhætta	**R0200**							
hlutabréf af gerð 1	**R0210**							
hlutabréf af gerð 1	**R0220**							
stefnumiðaðar hlutdeildir (hlutabréf af gerð 1)	**R0230**							
byggjast á líftíma (hlutabréf af gerð 1)	**R0240**							

Markaðsáhætta — Grunnupplýsingar		Upphafleg algildi fyrir skell		Algildi eftir skell				
		Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Hrein gjald-þolskrafa	Skuldir (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Verg gjald-þolskrafa
		C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080
hlutabréf af gerð 2	R0250							
hlutabréf af gerð 2	R0260							
stefnumiðaðar hlutdeildir (hlutabréf af gerð 2)	R0270							
byggjast á líftíma (hlutabréf af gerð 2)	R0280							
fullgild innviðahlutabréf	R0290							
Fasteignaáhætta	R0300							

Markaðsáhætta — Grunnupplýsingar		Upphafleg algildi fyrir skell		Algildi eftir skell				
		Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Hrein gjald-þolskrafa	Skuldir (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Verg gjald-þolskrafa
		C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080
Vikáhætta	R0400							
skuldabréf og lán	R0410							
skuldabréf og lán (fullgild innviðafjárfesting)	R0411							
skuldabréf og lán (önnur en fullgild innviðafjárfesting)	R0412							
skuldaafleiður	R0420							
skellur niður á við á skuldaafleiður	R0430							
skellur upp á við á skuldafleiður	R0440							

Markaðsáhætta — Grunnupplýsingar		Upphafleg algildi fyrir skell		Algildi eftir skell				
		Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Hrein gjald-þolskrafa	Skuldir (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar)	Verg gjald-þolskrafa
		C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080
Verðbréfaðar stöður	R0450							
verðbréfun af gerð 1	R0460							
verðbréfun af gerð 2	R0470							
endurverðbréfun	R0480							
Samþjöppunaráhætta	R0500							
Gjaldmiðilsáhætta	R0600							
hækkun á virði erlends gjaldmiðils	R0610							
lækkun á virði erlends gjaldmiðils	R0620							
Fjölþætting innan einingar markaðsáhættu	R0700							
Heildarmarkaðsáhætta	R0800							

“

2) Í stað S.26.01.04 komi eftirfarandi:

„S.26.01.04

Gjaldþolskrafa — Markaðsáhætta

112. gr.	**Z0010**	

Einfaldanir sem eru notaðar		**C0010**
Einfaldanir — vikáhætta — skuldabréf og lán	**R0010**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — vaxtaáhætta	**R0020**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — vikáhætta á skuldabréf og lán	**R0030**	
Einfaldanir fyrir bundin félög — samþjöppunaráhætta	**R0040**	

		Upphafleg algildi fyrir skell		**Algildi eftir skell**				
		Eignir	**Skuldir**	**Eignir**	**Skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar)**	**Hrein gjald-þolskrafa**	**Skuldir (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar)**	**Verg gjald-þolskrafa**
i) Í S.16.01.C0080/R0040-R0190 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Óafvöxtuð niðurstaða þróunar reiknuð út sem óafvaxtaðar lífeyriskröfur við upphaf árs N, að frádregnum lífeyrisgreiðslum á ári N og að frádregnum óafvöxtuðum lífeyriskröfum við lok árs N.“

j) Í S.17.01.Z0030 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar leiðbeininganna:

„Þegar liður Z0020 = 2, þá er „0“ tilgreint“,

k) Í S.17.01.C0020 til C0170/R0290, C0180/R0290, C0020 til C0170/R0300, C0180/R0300, C0020 til C0170/R0310 og C0180/R0310 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.“

l) Í S.19.01.C0180/R0100 til R0260 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„„Samtala allra ára“ alls inniheldur samtölu allra gagna í röðum (samtala allra greiðslna sem varða tjónsárið/samningsárið), þ.m.t. í heild.“

m) Í S.23.01 er röð R0230/C0050 bætt við á eftir R0230/C0040:

„R0230/C0050	Frádráttur fyrir hlutdeildir í fjármála- og lánastofnunum — þáttur 3	Fjárhæð frádráttarins fyrir hlutdeildir í fjármála- og lánastofnunum sem eru dregnar frá þætti 3 í samræmi við 68. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.“

n) Í S.23.01.R0500/C0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, og allra stuðningsgjaldþolsliða sem uppfylla viðmið þáttar 1, þáttar 2 og þáttar 3 og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla gjaldþolskröfuna.“

o) Í S.23.01.R0500/C0020 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í ótakmarkaða liði þáttar 1, og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla gjaldþolskröfuna.“

p) Í S.23.01.R0500/C0030 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í takmarkaða liði þáttar 1, og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla gjaldþolskröfuna.“

q) Í S.23.01.R0500/C0040 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, og stuðningsgjaldþolsliða sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í þátt 2 og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla gjaldþolskröfuna.“

r) Í S.23.01.R0500/C0050 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, og stuðningsgjaldþolsliða sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í þátt 3 og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla gjaldþolskröfuna.“

s) Í S.23.01.R0510/C0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmið þáttar 1 og þáttar 2 og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn.“

t) Í S.23.01.R0510/C0020 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í ótakmarkaða liði þáttar 1, og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn.“

u) Í S.23.01.R0510/C0030 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í takmarkaða liði þáttar 1, og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn.“

v) Í S.23.01.R0510/C0040 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er samtala allra kjarnagjaldþolsliða, eftir frádrátt, sem uppfylla viðmiðin til að vera teknir með í þátt 2 og sem eru þess vegna tiltækir til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn.“

w) Í S.24.01.C0030, S.24.01.C0100, S.24.01.C0250, S.24.01.C0320, S.24.01.C0390, S.24.01.C0460, S.24.01.C0530 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Þegar tilgreina þarf sama eignaauðkenniskóðann fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafskóða gjaldmiðilsins, skal gerð eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.“

x) Í S.29.01.01 — R0200 komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar:

„Breytingar vegna hreinnar vátryggingaskuldar“.

y) Í S.29.02.C0010/R0030 komi eftirfarandi í stað annars liðar fyrstu málsgreinar leiðbeininganna:

„Fyrir þær fjárskuldir og víkjandi skuldir sem eru innleystar á reikningsskilatímabilinu, mismunurinn á innlausn–arverðinu og virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II eins og hann er við lok síðasta reikningsskilatímabils.“

z) Í S.29.03.C0010–C0020/R0090, C0050-C0060/R0240 komi eftirfarandi í stað fyrsta liðar annarrar málsgreinar leiðbeininganna:

„Tekin er upphafsstaða besta mats (reitur C0010/R0010), með tilliti til leiðréttingar á upphafsstöðu besta mats (reitur C0010/R0010 til R0040) og áhrifa af breytingu á sjóðstreymisspá árs N (annars vegar C0010/R0060 til R0080 og hins vegar C0020/R0060 til R0080).“

aa) Í S.29.04.Z0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Vátryggingagreinar þar sem krafist er að greiningu verði skipt eftir tímabilum. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá:

1 — 1 og 13 Sjúkrakostnaðartrygging

2 — 2 og 14 Afkomutrygging

3 — 3 og 15 Atvinnuslysatrygging

4 — 4 og 16 Ábyrgðartrygging ökutækja

5 — 5 og 17 Önnur ökutækjatrygging

6 — 6 og 18 Sjó-, flug- og farmtrygging

7 — 7 og 19 Bruna og eignatrygging

8 — 8 og 20 Almenn ábyrgðartrygging

9 — 9 og 21 Greiðslu- og efndavátrygging

10 — 10 og 22 Réttaraðstoðartrygging

11 — 11 og 23 Ferðamannaaðstoð

12 — 12 og 24 Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns

25 — Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging

26 — Óhlutfallsleg slysaendurtrygging

27 — Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga

28 — Óhlutfallsleg eignaendurtrygging

37 — Líftrygging (þ.m.t. vátryggingagreinar 29 til 34, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35)

38 — Heilsutrygging sem er stafrækt á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (þ.m.t. vátryggingagreinar 35 og 36)“.

bb) Í S.30.01.C0310 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Endurtryggingarfjárhæðin á kjörfrjálsum grunni er sá hluti vátryggingarfjárhæðarinnar sem er endurtryggður á kjörfrjálsum grunni. Fjárhæðin skal vera í samræmi við vátryggingarfjárhæðina eins og tilgreint er í C0290 og endurspegla hámarksskuldbindingu (100%) kjörfrjálsra endurtryggjenda.“

cc) Í S.30.02.C0090 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Stendur fyrir starfsemi miðlarans sem í hlut á, af sjónarhóli félagsins. Ef um er að ræða samsetta starfsemi verður að geta hverrar starfsemi og aðgreina með „„“:

1 — Milliliður við samningsgerð

2 — Áhættutaka fyrir hönd

3 — Fjármálaþjónusta“,

dd) Í S.30.02.C0220 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Stendur fyrir starfsemi miðlarans sem í hlut á, af sjónarhóli félagsins. Ef um er að ræða samsetta starfsemi verður að geta hverrar starfsemi og aðgreina með kommum:

1 — Milliliður við samningagerð

2 — Áhættutaka fyrir hönd

3 — Fjármálaþjónusta“.

ee) Í S.30.02.C0350 er eftirfarandi bætt við í lok leiðbeininganna:

„Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá:

0 — Útlánagæðaþrep 0

1 — Útlánagæðaþrep 1

2 — Útlánagæðaþrep 2

3 — Útlánagæðaþrep 3

4 — Útlánagæðaþrep 4

5 — Útlánagæðaþrep 5

6 — Útlánagæðaþrep 6

9 — Ekkert mat tiltækt“.

ff) Í S.30.04.C0090 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Stendur fyrir starfsemi miðlarans sem í hlut á, af sjónarhóli félagsins. Ef um er að ræða samsetta starfsemi verður að geta hverrar starfsemi og aðgreina með kommum:

1 — Milliliður við samningsgerð

2 — Vátrygging fyrir hönd

3 — Fjármálaþjónusta“.

gg) Í S.30.04.C0310 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Auðkenning kóðans sem er notaður fyrir liðinn „Veðveitandi“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá:

1 — Kennimerki lögaðila

9 — Ekkert“.

hh) Í S.36.03 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar almennra athugasemda:

„Tilgangur þessa sniðmáts er að safna upplýsingum um öll viðskipti innan samstæðu (veruleg, mjög veruleg og viðskipti sem krafist er að séu tilgreind undir öllum kringumstæðum) sem tengjast innri endurtryggingu innan samstæðu sem er auðkennd samkvæmt d-lið 2. mgr. 213. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þetta tekur til en einskorðast ekki við:“

4) Ákvæði II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í S.11.01 komi eftirfarandi í stað annars liðar 11. mgr., annars liðar 12. mgr. og annars liðar 14. mgr. almennra athugasemda:

„— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar lið fyrir lið.“

b) Í S.11.01 komi eftirfarandi í stað annars liðar 15. mgr. almennra athugasemda:

„— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði samkvæmt aðferð 2, skulu tilgreindar lið fyrir lið.“

c) Í S.11.01 komi eftirfarandi í stað þriðja liðar 11. mgr. og þriðja liðar 14. mgr. almennra athugasemda:

„— Eignir sem félög í samstæðunni halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið.“

d) Í S.11.01 komi eftirfarandi í stað þriðja liðar 12. mgr. almennra athugasemda:

„— Eignir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, félög í hliðarstarfsemi og félag með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildu svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins og á svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er ekki jafngilt) halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið.“

e) Í S.11.01 komi eftirfarandi í stað þriðja liðar 15. mgr. almennra athugasemda:

„— Eignir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, félög í hliðarstarfsemi og félag með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildu svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins og svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er ekki jafngilt) halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið.“

f) Í S.23.01 er röð R0230/C0050 bætt við (á eftir R0230/C0040):

„R0230/C0050	Frádráttur fyrir hlutdeildir í öðrum fjármála- og lánastofnunum, þ.m.t. félögum sem eru ekki eftirlitsskyld og leggja stund á fjármálastarfsemi — þáttur 3	Þetta er frádráttur á hlutdeildum í lánastofnunum, fjárfesting-arfyrirtækjum, fjármálastofnunum, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, stofnunum um starfstengdan lífeyri, félögum sem eru ekki eftirlitsskyld og leggja stund á fjármálastarfsemi, þ.m.t. hlutdeildir sem eru dregnar frá skv. 2. mgr. 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þessar hlutdeildir eru dregnar frá kjarnagjaldþoli og bætt við aftur sem gjaldþol samkvæmt viðeigandi sérreglum í raðirnar frá R0410 til R0440 og auðvelda með því útreikning á hlutföllum gjaldþolskröfunnar sem bæði undanskilja og taka til annarra aðila á fjármálamarkaði — þáttur 3.“

g) Í S.23.01 er röð R0440/C0050 bætt við (á eftir R0440/C0040):

„R0440/C0050	Heildareiginfjárgrunnur annarra fjár-málageira — þáttur 3	Heildareiginfjárgrunnur í öðrum fjármálageirum — þáttur 3. Heildargjaldþol sem er dregið frá í reit R0230/C0010 er fært aftur hingað eftir leiðréttingu vegna ótiltæks gjaldþols samkvæmt viðeigandi sérreglum og eftir frádrátt skv. 2. mgr. 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB.“

h) Í S.23.01.R0520/C0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er heildargjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, að viðbættu stuðningsgjaldþoli, sem er tiltækt til að uppfylla gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögum sem eru tekin með og frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til.“

i) Í S.23.01.R0520/C0020 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögum sem eru tekin með og frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í ótakmarkaða liði þáttar 1.“

j) Í S.23.01.R0520/C0030 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla gjaldþolskröfu fyrir samstæðuna, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögunum sem eru tekin með og sem frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í takmarkaða liði þáttar 1.“

k) Í S.23.01.R0520/C0040 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, að viðbættu stuðningsgjaldþoli, sem er tiltækt til að uppfylla gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögunum sem eru tekin með og sem frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í þátt 2.“

l) Í S.23.01.R0520/C0050 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, að viðbættu stuðningsgjaldþoli, sem er tiltækt til að uppfylla gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögunum sem eru tekin með og sem frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í þátt 3.“

m) Í S.23.01.R0530/C0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er heildargjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla lágmarks gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, en að undanskildum eiginfjárgrunni frá öðrum fjármálageirum og frá félögunum sem eru tekin með og sem frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til.“

n) Í S.23.01.R0530/C0020 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla lágmarks gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í ótakmarkaða liði þáttar 1.“

o) Í S.23.01.R0530/C0030 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol samstæðunnar, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla lágmarks gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í takmarkaða liði þáttar 1.“

p) Í S.23.01.R0530/C0040 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þetta er gjaldþol félagsins, sem samanstendur af kjarnagjaldþoli eftir frádrátt, sem er tiltækt til að uppfylla lágmarks gjaldþolskröfu fyrir samstæðu, og sem uppfyllir viðmiðin til að vera tekið með í þátt 2.“

q) Í S.23.01.R0680/C0010 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Gjaldþolskrafa fyrir samstæðu er samtala gjaldþolskrafnanna fyrir samstæðu, reiknaðar út í samræmi við a-, b-, c- og d-lið 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 (R0590/C0010) og gjaldþolskröfunnar fyrir einingar sem frádráttar- og samlagningaraðferðin tekur til (R0670/C0010).“

r) Í S.25.02.C0070 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Þessi reitur stendur fyrir fjárhæðina sem er reiknuð út fyrir hvern þátt samkvæmt hlutalíkaninu. Fjárhæðin sem reiknuð er út með staðalreglunni skal þess vegna vera mismunurinn milli fjárhæðanna sem tilgreindar eru í C0030 og C0070.“

s) Í S.32.01.C0140 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Vátryggingafélög skulu tilgreina árangurinn af vátryggingastarfsemi sinni í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar.“

t) Í S.32.01.C0150 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Vátryggingafélög skulu tilgreina árangurinn af fjárfestingum sínum í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar.

Þetta virði skal ekki innihalda nein virði sem þegar hafa verið tilgreind í C0140.“

u) Í S.32.01.C0160 komi eftirfarandi í stað leiðbeininganna:

„Öll tengd félög sem falla undir samstæðueftirlit, í skilningi c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu tilgreina heildarframmistöðu sína í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar.“

v) Í S.36.01, S.36.02, S.36.03 og S.36.04 er þriðja málsgrein almennra athugasemda felld brott.

5) Ákvæði IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í kóða 7 komi eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar:

„Peningar á efnislegu formi, ígildi handbærs fjár, bankainnstæður og aðrar peningainnstæður“.

b) Í kóða 0 komi eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar:

„Aðrar eignir tilgreindar í „Aðrar fjárfestingar.“

6) Ákvæði VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað kóðanna „Land“, „XV“, „XL“ og „XT“ komi eftirfarandi:

„Fyrstu tvær stöður — Eignir skráðar í		Skilgreining
Land	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði	Gefa upp ISO 3166-1-alpha-2 landskóðann þar sem eignin er skráð. Eign er álitin skráð ef viðskipti eru með hana á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga, eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB. Ef eignin er skráð í fleiri en einu landi eða ef félagið notar, við virðismat, verð sem fæst hjá einum hinna skipulegu verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga þar sem eignin er skráð, skal landið vera land hins skipulega verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga sem notað er sem viðmiðun við verðmatið.
XV	Eignir skráðar í einu eða fleiri en einu landi	Greina eignir sem eru skráðar í einu eða fleiri löndum en þegar félagið notar, við virðismat, verð sem fæst ekki hjá einum hinna skipulegu verðbréfamarkaða eða markaðstorgi fjármálagerninga þar sem eignin er skráð.
XL	Eignir sem eru ekki skráðar í kauphöll	Greina eignir sem viðskipti eru ekki með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB.
XT	Eignir sem eru ekki seljanlegar í kauphöll	Greina eignir sem, eðli sínu samkvæmt, ekki er hægt að stunda viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB.“

b) Á eftir röðinni fyrir kóða „0“ (Aðrar fjárfestingar), er bætt við nýrri röð sem hér segir:

„09	Aðrar fjárfestingar	Aðrar eignir tilgreindar í „Aðrar fjárfestingar“

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/309 2018/EES/29/11

frá 26. nóvember 2015

um jafngildi eftirlitsfyrirkomulags fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi er á Bermúdaeyjum við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB og um breytingu á framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. og 5. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2009/138/EB er komið á áhættumiðuðum varfærnisreglum fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög í Sambandinu. Full beiting tilskipunar 2009/138/EB gagnvart vátryggjendum og endurtryggjendum í Sambandinu hefst 1. janúar 2016.

2) Í samræmi við 311. gr. tilskipunar 2009/138/EB getur framkvæmdastjórnin einnig samþykkt framseldar gerðir sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, fyrir gildistökudag hennar.

3) Ákvæði 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi gjaldþolsreglna í þriðja landi sem gilda um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í því þriðja landi. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir kleift að meðhöndla endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög með aðalskrifstofu í því þriðja landi á sama hátt og endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við þá tilskipun.

4) Ákvæði 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi vátryggjenda í þriðja landi sem eru hluti af samstæðum með aðalskrifstofu í Sambandinu. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir slíkum samstæðum kleift, þegar frádráttar- og samlagningaraðferð er notuð sem samstæðureikningsskilaaðferð fyrir samstæðugagnaskil þeirra, að taka mið af útreikningnum á gjaldþolskröfum og tiltæku gjaldþoli (e. *own funds*) samkvæmt reglum lögsögu utan Sambandsins í stað þess að reikna þær út á grunni tilskipunar 2009/138/EB, í þeim tilgangi að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar og hæft gjaldþol.

5) Ákvæði 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi vátrygginga- og endurtryggingafélaga ef móðurfélag þeirra er með aðalskrifstofu utan Sambandsins. Í samræmi við 1. mgr. 261. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í tilviki jákvæðrar ákvörðunar um jafngildi, reiða aðildarríki sig á að jafngilt samstæðueftirlit sé ástundað af samstæðueftirlitsyfirvöldum í þriðja landi.

6) Lagareglur í þriðja landi teljast að fullu jafngildar þeim sem settar eru með tilskipun 2009/138/EB ef þær fullnægja kröfum sem mæla fyrir um sambærilegt stig verndar fyrir vátryggingartaka og vátryggða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

7) Hinn 11. mars 2015 veitti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) framkvæmdastjórninni ráðgjöf, í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins ([1]) (ESB) nr. 1094/2010, um reglugerða- og eftirlitskerfið fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður sem í gildi er á Bermúdaeyjum. Í framhaldi af samþykkt Bermúdaeyja á breyttri vátryggingalöggjöf í júlí 2015, samþykkti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin uppfærslu á ráðgjöf sinni 31. júlí 2015. Ráðgjöf Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar er byggð á viðkomandi lagaramma Bermúdaeyja, þ.m.t. breytingargerðinni á vátryggingalögum (nr. 2) 2015 (e. *Insurance Amendment Act*) (hér eftir nefnd „gerðin"), sem samþykkt var í júlí 2015 og öðlaðist gildi 1. janúar 2016, hátternisreglunum fyrir vátryggingastarfsemi (e. *Insurance Code of Conduct*), sem hefur verið breytt frá og með júlí 2015, og endurskoðuðu varfærnisreglunum fyrir vátryggingastarfsemi, sem yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (e. *Bermuda Monetary Authority*) (hér nefnt „BMA") samþykkti og öðluðust gildi 1. janúar 2016. Framkvæmdastjórnin hefur byggt mat sitt á upplýsingunum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin veitti.

8) Að teknu tilliti til ákvæðanna í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]), einkum 378., 379. og 380. gr., sem og ráðgjafar Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, skal beita nokkrum viðmiðunum til að meta jafngildi skv. 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2009/138/EB.

9) Þessar viðmiðanir innihalda tilteknar kröfur sem eru sameiginlegar tveimur eða fleiri af 378., 379. og 380. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem gilda á stigi einstakra vátrygginga- og endurtryggingafélaga og á stigi vátrygginga- og endurtryggingasamstæðna. Tilgreint er í núverandi gerð hvort vátryggingafélög teljast vera á eininga- (e. *'solo'*) eða samstæðustigi, þar sem einstök félög geta verið hluti af samstæðu eða ekki. Viðmiðanirnar ná yfir valdsvið, gjaldþol, stjórnunarhætti, gagnsæi, samvinnu milli yfirvalda og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, og áhrif ákvarðana á fjármálastöðugleika.

10) Varðandi aðferðir, valdsvið og ábyrgðir, hefur staðbundni eftirlitsaðilinn, þ.e. yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA), virka heimild til að hafa eftirlit með vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi og kveða á um viðurlög eða grípa til fullnustuaðgerða ef nauðsyn krefur, t.d. að ógilda starfsleyfi félags eða skipta út stjórn þess að öllu leyti eða að hluta. Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) hafa nauðsynlegt fjármagn og mannauð, sérfræðikunnáttu, getu og umboð til að veita vátryggingartökum og vátryggðum vernd á skilvirkan hátt.

11) Að því er gjaldþol varðar, styðst gjaldþolskrafan á Bermúdaeyjum (BSCR) í matinu á fjárhagsstöðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga eða -samstæðna við traustar hagrænar meginreglur og gjaldþolskröfur sem byggja á fjárhagslegu mati á öllum eignum og skuldum, svokölluðum fjárhagslegum efnahagsreikningi (e. *Economic Balance Sheet*). Þetta tryggir samanburðarhæfi milli vátryggjenda. Í gjaldþolskröfunni á Bermúdaeyjum (BSCR) er þess krafist að vátrygginga- eða endurtryggingafélög mæli fyrir um viðmiðanir fyrir vátryggingaskuld, fjárfestingar, gjaldþolskröfur (þ.m.t. lágmarksstig fjármagns) og gjaldþol, ásamt því að yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) grípi tímanlega inn í ef gjaldþolskröfunum er ekki hlítt eða hagsmunum vátryggingartaka er ógnað. Gjaldþolskröfurnar eru áhættumiðaðar, með það að markmiði að ná utan um mælanlegar áhættur. Megingjaldþolskrafan, nefnd styrkt gjaldþolskraf (e. *Enhanced Capital Requirement* (ECR)), er reiknuð út til að ná yfir óvænt töp sem stafa af yfirstandandi rekstri. Að auki er krafan um algjört lágmarksfjármagn, kölluð lágmarksgjaldþol, ekki áhættumiðuð sem stendur, en yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) munu breyta því og beita 25% lágmarki af styrktu gjaldþolskröfunni á alla lífvátryggjendur frá og með 1. janúar 2017. Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) munu innleiða þessar lögboðnu gjaldþolskröfur og kröfur um tekjur umfram gjöld frá og með árslokum 2015 fyrir alla flokka vátryggjenda, nema fyrir bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang. Varðandi líkön geta vátryggingafélög notað staðalreglu eða eigið líkan.

12) Á sviði stjórnunarhátta er í gjaldþolsreglunum á Bermúdaeyjum krafa um að vátrygginga- og endurtryggingafélög komi á skilvirku stjórnkerfi, einkum er þeim ætlað að vera með skýrt stjórnskipulag, hæfi- og hæfnikröfur fyrir þá sem í reynd stýra félögunum, skilvirkt ferli fyrir sendingu upplýsinga innan félaganna og til yfirvalda á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA). Að auki hafa yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) skilvirkt eftirlit með útvistuðum starfssviðum og starfsemi.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

13) Samkvæmt gjaldþolskröfu á Bermúdaeyjum (BSCR) er einnig krafa um að vátrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður hafi áhættustjórnunar-, reglufylgni-, innri endurskoðunar- og tryggingafræðisvið. Samkvæmt gjaldþolskröfunni á Bermúdaeyjum (BSCR) á að vera til áhættustjórnunarkerfi sem fært er um að auðkenna, mæla, vakta, stjórna og tilkynna um hvers konar áhættu, og skilvirkt innra eftirlitskerfi.

14) Samkvæmt gildandi reglum á Bermúdaeyjum er þess krafist að breytingar á fyrirtækjastefnu, eða stjórnun vátrygginga- og endurtryggingafélaga eða -samstæðna eða á virkum eignarhlutum í slíkum félögum eða samstæðum, verði að vera í samræmi við trausta og varfærna stjórnun. Yfirtökur, breytingar á viðskiptaáætlun eða virkum eignarhlutum vátrygginga- og endurtryggingafélaga eða vátryggingasamstæðna eru einkum tilkynntar til yfirvalda á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA), sem geta gripið til viðurlaga við hæfi ef réttlætanlegt þykir, t.d. að banna yfirtöku. Breytingargerðin á vátryggingalögum (Nr. 2) („gerðin“) inniheldur einkum reglur um framlengingu á kröfunum um að hluthafar tilkynni um sölu hlutabréfa í opinberum og einkafyrirtækjum.

15) Varðandi gagnsæi er þess krafist af vátrygginga- og endurtryggingafélögum og -samstæðum að þær veiti yfirvöldum á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits, og að birta, a.m.k. árlega, skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu þeirra. Gerðir eigindlegra og megindlegar upplýsinga sem birta á eru í samræmi við tilskipun 2009/138/EB. Kröfur um að vátryggjendur og samstæður birti skýrslu endurspegla að miklu leyti ákvæðin í tilskipun 2009/138/EB. Hægt er að veita undanþágur ef birting upplýsinga mun leiða til verri samkeppnisstöðu fyrir félögin. Í því tilviki á þó að birta mikilvægustu upplýsingarnar um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samkvæmt reglunum á Bermúdaeyjum.

16) Varðandi þagnarskyldu, samvinnu og upplýsingaskipti eru í reglunum sem í gildi eru á Bermúdaeyjum ákvæði um þagnarskyldu allra einstaklinga sem starfa eða hafa starfað fyrir yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA), þ.m.t. endurskoðendur og sérfræðinga sem koma fram fyrir þeirra hönd. Í þessum skyldum er jafnframt mælt fyrir um að ekki megi greina frá trúnaðarupplýsingum nema á samanteknu formi eða í útdrætti, með fyrirvara um tilvik sem falla undir refsirétt. Enn fremur munu yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) eingöngu nota trúnaðarupplýsingar sem mótteknar eru frá öðrum eftirlitsyfirvöldum til að rækja skyldur sínar og í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í lögum. Í reglunum sem í gildi eru á Bermúdaeyjum er þess einnig krafist að ef vátrygginga- og endurtryggingarfélag er lýst gjaldþrota, eða það tekið til lögboðinnar slitameðferðar, megi skýra frá trúnaðarupplýsingum ef þær snerta ekki þriðju aðila sem taka þátt í að bjarga því félagi. Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) geta ekki deilt trúnaðarupplýsingum sem tekið er við frá öðrum eftirlitsyfirvöldum með yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum sem falla undir þagnarskyldu á Bermúdaeyjum nema með skýlausu samþykki þess eftirlitsyfirvalds. Þau hafa undirritað viljayfirlýsingu með alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita og öllum aðildarríkjum Sambandsins um að samræma alþjóðlega samvinnu, einkum skipti á trúnaðarupplýsingum.

17) Varðandi áhrifin af ákvörðunum sínum, eru yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) og önnur yfirvöld á Bermúdaeyjum, sem hafa umboð til að tryggja eðlilega stafsemi fjármálamarkaða, í stakk búin til að meta hvernig ákvarðanir hafa áhrif á stöðugleika fjármálakerfa um allan heim, einkum þegar neyðarástand ríkir, og taka tillit til mögulegra sveiflumagnandi áhrifa þeirra þegar óvenjulegar hreyfingar eiga sér stað á fjármálamörkuðum. Samkvæmt gildandi reglum á Bermúdaeyjum funda framangreind yfirvöld reglulega og skiptast á upplýsingum um hvers konar fjármálastöðugleikaáhættu og samræma aðgerðir. Það sama á sér stað á alþjóðavettvangi, þegar yfirvöld á Bermúdaeyjum skiptast á upplýsingum um málefni varðandi fjármálastöðugleika við samstarfshóp eftirlitsaðila aðildarríkja Sambandsins og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina.

18) Í 378. og 380. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 eru einnig settar fram sérstakar viðmiðanir varðandi jafngildi fyrir endurtryggingastarfsemi og fyrir samstæðueftirlit.

19) Varðandi sérstöku viðmiðanirnar fyrir endurtryggingastarfsemi skv. 378. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fellur stofnun og rekstur endurtrygginga undir fyrirframleyfi yfirvalda á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA).

20) Varðandi sérstöku viðmiðanirnar fyrir samstæðueftirlit skv. 380. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, hafa yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) vald til að ákvarða hvaða félög falla undir gildissvið eftirlitsins á samstæðustigi og hafa eftirlit með vátrygginga- eða endurtryggingafélögum sem eru hluti af samstæðu. Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) hafa eftirlit með öllum vátrygginga- og endurtryggingafélögum sem hluteignarfélag, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, beitir ráðandi eða verulegum áhrifum á.

21) Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) eru fær um að meta áhættusnið, fjárhagsstöðu og gjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem eru hluti af samstæðu og starfsstefnu þeirrar samstæðu.

22) Skýrslugjafa- og reikningsskilareglur heimila vöktun á viðskiptum innan samstæðu og áhættusamþjöppun, sem vátrygginga- og endurtryggingasamstæður verða að tilkynna um a.m.k. árlega.

23) Yfirvöld á sviði peningamála á Bermúdaeyjum (BMA) takmarka notkun á gjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélags ef þau geta ekki á skilvirkan hátt haft það tiltækt til að mæta gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins, sem gjaldþolsstaða samstæðunnar er reiknuð út fyrir. Útreikningurinn á gjaldþolsstöðu samstæðu leiðir til niðurstöðu sem er a.m.k. jafngild niðurstöðum aðferðanna í 230. og 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, án tvítalningar á gjaldþoli og eftir að fjármögnun innan samstæðu í gegnum gagnkvæma fjármögnun hefur verið útilokuð.

24) Til samræmis við það, þar sem reglu- og eftirlitsfyrirkomulagið sem í gildi er á Bermúdaeyjum fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélög og -samstæður uppfyllir allar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 378., 379. og 380. gr. framseldra reglugerðar (ESB) 2015/35, ætti það að teljast uppfylla viðmiðunina um fullt jafngildi sem mælt er fyrir um í 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2009/138/EB, að undanskildum reglum um bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang sem falla undir ólíkt reglukerfi.

25) Tilskipun 2009/138/EB gildir frá og með 1. janúar 2016. Með þessari ákvörðun ætti þess vegna einnig, frá og með þeim degi, að úrskurða gjaldþols- og varfærnisreglurnar sem í gildi eru á Bermúdaeyjum jafngildar.

26) Í framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 ([1]) frá 5. júní 2015 var veitt jafngildi til bráðabirgða að því er varðar gjaldþolsreglurnar sem í gildi eru í Ástralíu, Bermúdaeyjum, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum. Til að skapa réttarvissu og að því gefnu að gjaldþolsreglur sem í gildi eru á Bermúdaeyjum fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður uppfylli viðmiðunina um fullt jafngildi, að undanskildum reglum um bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang, er nauðsynlegt að breyta þeirri ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gjaldþolsreglur sem í gildi eru á Bermúdaeyjum sem eiga við um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu á Bermúdaeyjum skulu vera taldar jafngildar regluverkinu sem mælt er fyrir um í I. bálki tilskipunar 2009/138/EB, að undanskildum reglum um bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang.

2. gr.

Eftirlitsfyrirkomulagið sem í gildi er á Bermúdaeyjum sem á við um vátryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína á Bermúdaeyjum skal vera talið jafngilt regluverkinu sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks tilskipunar 2009/138/EB, að undanskildum reglum um bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang.

3. gr.

Varfærnisreglurnar sem í gildi eru á Bermúdaeyjum sem eiga við um eftirlit með vátrygginga- eða endurtryggingafélögum innan samstæðu skulu vera taldar jafngildar regluverkinu sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2009/138/EB, að undanskildum reglum um bundin vátryggingafélög og vátryggjendur með sérstakan tilgang.

([1]) Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 frá 5. júní 2015 um bráðabirgðajafngildi gjaldþolsreglna sem eru í gildi í Ástralíu, Bermúdaeyjum, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum og gilda um vátrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2015, bls. 22).

4. gr.

Framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 frá 5. júní 2015 um bráðabirgðajafngildi gjaldþolsreglna sem eru í gildi í Ástralíu, Bermúdaeyjum, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum og gilda um vátrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum, er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2290 frá 5. júní 2015 um bráðabirgðajafngildi gjaldþolsreglna sem eru í gildi í Ástralíu, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum og gilda um vátrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum“

2) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Gjaldþolsreglur sem eru í gildi í Ástralíu, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og Bandaríkjunum, og gilda um vátrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofu í þessum löndum, skulu álitnar jafngildar til bráðabirgða því regluverki sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks tilskipunar 2009/138/EB.“

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/310 2018/EES/29/12

frá 26. nóvember 2015

um jafngildi gjaldþolsreglna fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Japan við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 4. mgr. 172. gr. og 5. mgr. 227. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2009/138/EB er komið á áhættumiðuðum gjaldþolsreglum fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög í Sambandinu. Full beiting tilskipunar 2009/138/EB gagnvart vátryggjendum og endurtryggjendum í Sambandinu hefst 1. janúar 2016.

2) Í samræmi við 311. gr. tilskipunar 2009/138/EB getur framkvæmdastjórnin einnig samþykkt framseldar reglugerðir sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, fyrir gildistökudag hennar.

3) Ákvæði 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB lúta að jafngildi gjaldþolsreglna í þriðja landi eða lögsögu sem á við um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í því þriðja landi. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir kleift að meðhöndla endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög með aðalskrifstofu sína í þeirri lögsögu á sama hátt og endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög með starfsleyfi í samræmi við þá tilskipun.

4) Í 4. mgr. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB er kveðið á um að fastsetja tímabundið jafngildi til ákveðins tíma fyrir þriðju lönd eða lögsögur sem eru með endurtryggingagjaldþolsreglur sem uppfylla ákveðnar viðmiðanir. Ákvörðun um tímabundið jafngildi gildir til 31. desember 2020 með möguleika á endurnýjun, að hámarki eitt ár, eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 172. gr.

5) Ákvæði 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB lúta að jafngildi vátryggjenda í þriðja landi sem eru hluti af samstæðum með höfuðstöðvar í Sambandinu. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir slíkum samstæðum kleift, þegar frádráttar- og samlagningaraðferð er heimiluð sem samstæðureikningsskilaaðferð fyrir samstæðugagnaskil þeirra, að taka mið af útreikningnum á gjaldþolskröfum og tiltæku gjaldþoli (e. *own funds*) samkvæmt reglum lögsögu utan Sambandsins í stað þess að reikna þær út á grunni tilskipunar 2009/138/EB, í þeim tilgangi að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar og hæft gjaldþol.

6) Í 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB er kveðið á um að fastsetja bráðabirgðajafngildi til ákveðins tíma fyrir þriðju lönd eða lögsögur sem eru með vátryggingagjaldþolsreglur sem uppfylla ákveðnar viðmiðanir. Ákvörðun um bráðabirgðajafngildi gildir í 10 ár með mögleika á endurnýjun.

7) Taka þarf tillit til nokkurra viðmiðana við mat á tímabundnu jafngildi skv. 4. mgr. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB og bráðabirgðajafngildi skv. 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þessar viðmiðanir innihalda tilteknar sameiginlegar kröfur, einkum varðandi gildandi gjaldþolsreglur og valdheimildir, tilföng og ábyrgð eftirlitsaðilans. Aðrar viðmiðanir eru ólíkar fyrir þessar tvær gerðir af jafngildi, einkum þær sem varða samleitni við jafngildisreglurnar í heild, upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld og þagnarskyldu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

8) Mælt er fyrir um gjaldþolsreglurnar í Japan í lögunum um vátryggingastarfsemi og reglugerðinni um vátrygginga–starfsemi, eins og þeim var síðast breytt 2010. Yfirgripsmikið leyfisveitingakerfi er til staðar fyrir starfsleyfi vátryggjenda. Til að leggja stund á endurtryggingastarfsemi í Japan er skaðatryggingaleyfisveiting nauðsynleg. Að hluta er mælt fyrir um staðla fyrir stjórnunarhætti, áhættustjórnun og birtingu upplýsinga í eftirlitsviðmiðunarreglum japönsku fjármálaþjónustustofnunarinnar (JFSA). Eftirlitsviðmiðunarreglur hafa ekki lagagildi, en japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA), sem hefur vald til að þvinga fram aðgerðir til úrbóta telji hún þær eiga við, fylgist náið með þeim.

9) Í mars 2015 veitti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) framkvæmdastjórninni ráðgjöf, skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins ([1]) (ESB) nr. 1094/2010, um reglugerða- og eftirlitsfyrirkomulagið fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi er í Japan. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur einnig í framhaldinu aðstoðað framkvæmdastjórnina og veitt frekara innlegg að því er varðar matið á japanska vátryggingageiranum skv. 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Framkvæmdastjórnin hefur byggt mat sitt á upplýsingunum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin veitti.

10) Í Japan er óháður vátryggingaeftirlitsaðili, japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA), sem hefur nauðsynlegar valdheimildir og tilföng til að inna af hendi verkefni sín. Árið 2013 sinntu um 100 starfsmenn hjá japönsku fjármálaþjónustustofnuninni (JFSA) vátryggingaeftirliti í fullu starfi, ásamt öðrum sem tiltækir voru annars staðar frá í stofnuninni. Rannsóknarheimildir ná yfir vettvangsskoðanir, og viðurlög sem í felast stjórnsýslufyrirmæli, allt að afturköllun á leyfi og einstaklingsbundnum viðurlögum. Japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA) getur einnig lagt fram mál til saksóknara.

11) Vátryggjendur og endurtryggjendur verða að leggja fram umfangsmikið skýrslugjafaefni til japönsku fjármálaþjónustustofnunarinnar (JFSA) sem hefur víðtækar valdheimildir til að endurskipuleggja eða binda enda á starfsemi vátryggjenda og endurtryggjenda sem eiga í vandræðum, og var þeim beitt á árangursríkan hátt til að fást við fjölda líftryggjenda sem hafa átt í alvarlegum vandræðum síðustu áratugi.

12) Fyrirkomulag um samvinnu við nokkur önnur eftirlitsyfirvöld í heiminum er til staðar hjá japönsku fjármálaþjónustustofnuninni (JFSA). Frá 2011 er hún undirritunaraðili að viljayfirlýsingu alþjóðasamtaka vátryggingaeftirlita um upplýsingaskipti milli vátryggingaeftirlitsaðila. Hún hefur gert fjölda tvíhliða eða marghliða samvinnusamninga við önnur eftirlitsyfirvöld, þ.m.t. nokkra eftirlitsaðila í Sambandinu.

13) Starfsfólk japönsku fjármálaþjónustustofnunarinnar (JFSA) fellur undir strangar kröfur um þagnarskyldu. Reglur og starfsvenjur japönsku fjármálaþjónustustofnunarinnar (JFSA) vernda á fullnægjandi hátt trúnaðarupplýsingar sem erlendir eftirlitsaðilar veita. Þess er krafist að allt núverandi og fyrrverandi starfsfólk japönsku fjármálaþjónustustofnunar (JFSA) haldi leyndum öllum upplýsingum sem það tekur við í störfum sínum. Óheimil birting upplýsinga getur leitt til viðurlaga, sakamálarannsókna og refsingar. Upplýsingar sem mótteknar eru frá erlendum eftirlitsaðilum og tilgreindar eru sem trúnaðarmál eru meðhöndlaðar til samræmis við það, og verða einungis notaðar í þeim tilgangi sem samkomulag er um við erlenda eftirlitsaðilann.

14) Matsverð eigna fyrir bæði líf- og skaðatryggingafyrirtæki er gert í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Japan. Flestar, en ekki allar, eignir eru verðmetnar á gangvirði. Við tilteknar aðstæður eru sumir eignaflokkar (eins og skuldabréf og lán) verðmetnir á bókfært virði. Þegar eignir eru verðmetnar á upphaflegu kostnaðarverði er tekið tillit til meirihluta af óinnleystum hagnaði og töpum við ákvörðunina um tiltækt gjaldþol. Vátryggingaskuld líftrygginga og langtíma skaðatrygginga er afvöxtuð. Japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA) ákvarðar afvöxtunarstuðullinn sem nota á fyrir afvöxtun vátryggingaskuldar með reglulegu millibili. Frá dagsetningu samningsins er eingöngu hægt að endurmeta vátryggingaskuld uppávið (hún er aldrei verðmetin undir virðinu sem ákvarðað er á samningsdeginum). Þannig er litið framhjá markaðsþróun og öðru sem leiðir til lækkunar á vátryggingaskuld (eins og hækkun vaxta). Einnig er þess krafist af vátryggingafélögum að þau að geri framtíðarsjóðstreymisgreiningu á hverju reikningsári út frá sjónarmiði um viðeigandi vátryggingaskuld og, ef talið er nauðsynlegt, til að safna viðbótarvarasjóði.

15) Eftirlitsinngrip fyrir bæði líf- og skaðatryggingafyrirtæki getur verið virkjað við þrjú mismunandi viðmiðunarmörk, skilgreind sem ólík gjaldþolshlutföll (SRM), gefin upp sem prósentutala af tvöfalda gjaldþolinu deilt með gjaldþolskröfu sem nefnd er „heildaráhættan“ (e. „Total Risk“). Mælistikan „heildaráhætta“ nær yfir vátryggingaáhættur, vexti og markaðsáhættur, rekstraráhættu og hamfaraáhættuna. Eigin líkön eru samþykkt fyrir hamfara- og lágmarkstryggingaráhættur. Japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA) hefur valdheimild til að þvinga fram tilteknar ráðstafanir til úrbóta, jafnvel þótt ekki sé farið upp fyrir hæstu viðmiðunarmörk fyrir eftirlitsinngrip (gjaldþolshlutfall (SRM) yfir 200%), t.d. með því að krefja vátryggjendur um að samþykkja ráðstafanir til að auka arðsemi sína og

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

stöðugleika, og draga úr útlánaáhættu eða lausafjáráhættu. Þegar gjaldþolshlutfallið (SRM) er undir 0% getur japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA) skipað fyrir um stöðvun starfseminnar að öllu leyti eða að hluta til.

16) Á grundvelli áhættustjórnunaráætlunar fyrir fyrirtæki eru japanskir vátryggjendur krafðir um að stýra áhættum bæði einstökum og heildstætt. Vátryggjendur eru krafðir um að útfæra viðeigandi áhættustýringu á kerfisbundinn og yfirgripsmikinn hátt. Þetta felur í sé athugun á því hvort viðeigandi áhættu sé mætt, sannprófun á hlutlægni og hve viðeigandi magnmælistaðlar eru, ásamt greiningu á framtíðargjaldþolsþörf í ljósi álitamála tengdum miðlungs og langtíma starfsstefnum og fyrirtækjaumhverfi. Japanska fjármálaþjónustustofnunin (JFSA) krefur einnig vátryggjendur um að framkvæma eigið áhættu- og gjaldþolsmat og að tilkynna niðurstöður þess til stjórnarinnar.

17) Japanskir vátryggjendur eru að lögum krafðir um að leggja fram hálfsárs- og ársskýrslur um rekstur til japönsku fjármálaþjónustustofnunarinnar (JFSA). Að auki er vátryggjandi á hverju ári krafinn um að útbúa nokkur skýringarskjöl og hafa þau tiltæk almenningi á aðalskrifstofu sinni.

18) Japönsku gjaldþolsreglurnar eru í þróun. Gjaldþolskröfur á samstæðustigi voru innleiddar árið 2010. Frá því að Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hóf að meta jafngildi japanska eftirlitsfyrirkomulagsins í tengslum við 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er verið að vinna að endurbótum í Japan sem munu bæta gjaldþolsreglur þess. Nokkrar skýrslur hafa verið unnar og vettvangsprófanir gerðar árin 2011, 2012 og 2014 út frá efnahagsreikningi sem byggir á fjárhagslegu mati. Breytingar sem eru til athugunar gefa ástæðu til að ætla að framtíðarþróun japönsku gjaldþolsreglnanna muni leiða af sér aukna samleitni við tilskipun 2009/138/EB.

19) Í framhaldi af þessari úttekt ætti að líta svo á að gjaldþolsreglur fyrir vátryggingar og endurtryggingar í Japan uppfylli viðmiðunina fyrir tímabundið jafngildi sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og fyrir bráðabirgðajafngildi sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

20) Tímabil tímabundna jafngildisins sem ákvarðað er með þessari ákvörðun tekur enda 31. desember 2020, í samræmi við 5. mgr. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

21) Tímabil bráðabirgðajafngildisins sem ákvarðað er með þessari ákvörðun ætti að vera 10 ár, í samræmi við 6. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gildandi gjaldþolsreglur í Japan sem eiga við um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í Japan og er eftirlitsskyld samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, skulu vera taldar tímabundið jafngildar regluverkinu sem mælt er fyrir um í I. bálki tilskipunar 2009/138/EB.

Tímabundna jafngildið sem um getur í fyrstu málsgrein skal taka enda 31. desember 2020.

2. gr.

Gildandi gjaldþolsreglur í Japan sem eiga við um vátryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í Japan og er eftirlitsskyld samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, skulu vera taldar jafngildar til bráðabirgða regluverkinu sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks tilskipunar 2009/138/EB.

Bráðabirgðajafngildið sem um getur í fyrstu málsgrein skal veitt fyrir 10 ára tímabil frá og með 1. janúar 2016.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/461 **2018/EES/29/13**

frá 19. mars 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar ferlið um að taka sameiginlega ákvörðun um umsókn til að nota eigið líkan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 4. mgr. 231. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skilvirk og viðeigandi upplýsingaskipti milli hlutaðeigandi landsbundinna eftirlitsyfirvalda eru nauðsynleg til þess að hægt sé að koma á skilvirku ferli til að taka sameiginlega ákvörðun um eigin líkön samstæðu.

2) Til að tryggja samræmda beitingu ferlisins við að taka sameiginlega ákvörðun er mikilvægt að hvert skref sé vel skilgreint. Skýrt ferli greiðir einnig fyrir upplýsingaskiptum, stuðlar að gagnkvæmum skilningi, þróar tengsl milli hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda og stuðlar að skilvirku eftirliti.

3) Tímanleg og raunhæf skipulagning hins sameiginlega ákvörðunarferlis er nauðsynleg. Öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld ættu að veita eftirlitsaðila samstæðu viðeigandi upplýsingar í tíma.

4) Skýrir ferlar sem komið er á og skjalfestir hvað varðar inntak og framkvæmd hinnar sameiginlegu ákvörðunar ættu að tryggja að hún sé vel rökstudd.

5) Ferlið við að taka sameiginlega ákvörðun um umsókn um að nota eigið líkan samstæðu ætti að vera í samræmi við sameiginlega ákvörðun um mikilvægar breytingar, og um breytingar á þeirri stefnu að breyta líkaninu fyrir eigin líkön samstæðu.

6) Þessi reglugerð er byggð á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð er byggð á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]).

8) Til að auka réttarvissu um eftirlitskerfið á tímabilinu til að innleiða það í áföngum eins og um getur í 308. gr. a í tilskipun 2009/138/EB, sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og hægt er, daginn eftir þann dag er hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Þessi reglugerð tilgreinir verklagsreglurnar sem eftirlitsyfirvöld skulu fylgja til að taka sameiginlega ákvörðun skv. 2. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, um umsókn um leyfi til að nota eigið líkan samstæðunnar til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar, sem og gjaldþolskröfu vátrygginga- og endurtryggingafélaga í samstæðunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Skilgreining

„Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld“: að því er þessa reglugerð varðar, eftirlitsyfirvöld allra aðildarríkjanna þar sem höfuðstöðvar allra tengdra vátrygginga- og endurtryggingafélaga, sem sækja um notkun eigin líkans samstæðunnar til að reikna út gjaldþolskröfur sínar, eru staðsettar.

3. gr.

Samkomulag um ferlið

1. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu samþykkja ferlið um að taka formlega sameiginlega ákvörðun, þ.m.t. tímaáætlun, helstu skref og markmið, einnig með tilliti til krafna sem settar eru fram í tilskipun 2009/138/EB eins og nánar er tilgreint í framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 ([1]) sem viðbót við tilskipun 2009/138/EB. Öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu tryggja, til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að taka sameiginlega ákvörðun skv. 2. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að helstu áföngum og markmiðum, sem sett eru fram vegna samþykkts ferlis, sé náð tímanlega.

2. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu, þegar þau samþykkja ferlið, taka tillit til allra lagalegra hamla eða innri ferla sem geta hindrað þau í að gefa formlegt álit á umsókninni innan hins tilgreinda tímaramma. Í þessu skyni skulu öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld upplýsa hvert annað um allar mögulegar lagalegar hömlur eða innri ferla hvað varðar eftirlitsyfirvald þeirra, eftir því sem við á.

3. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu, eins fljótt og hægt er, veita öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum hvers konar upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir ákvörðun um umsóknina.

4. Ef hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald tekur upp mál varðandi ferlið, einkum ef ólíklegt er að samstaða náist um ákvörðun, skal það útskýra ástæður þess fyrir hinum eftirlitsyfirvöldunum og gefa til kynna hvort það hyggist vísa málinu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skv. 3. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Eftirlitsaðili samstæðu skal hafa samráð við öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld til að finna lausn á málinu. Eftirlitsyfirvöldin skulu komast að samkomulagi um tímaramma til að finna lausn.

5. Ef viðunandi lausn næst ekki innan samþykkts tímaramma og hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald ákveður að vísa málinu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skal það gera það án tafar.

4. gr.

Tillaga að ákvörðun

1. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu, áður en þau setja fram tillögu um ákvörðun, staðfesta að mati á umsókninni sé lokið og að niðurstaða þess mats sé forsenda ákvarðanatökunnar.

2. Önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu gefa eftirlitsaðila samstæðunnar skriflegt álit á tillögu að ákvörðun með því að taka saman niðurstöður matsins sem gert var.

3. Eftirlitsaðili samstæðunnar skal, í ljósi álitsins frá öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum sem um getur í 2. mgr., gera drög að skriflegri tillögu að ákvörðun, þ.m.t. ef við á, skilmála og skilyrði sem gilda um ákvörðunina. Tillagan skal taka til ástæðna fyrir ákvörðuninni og, ef við á, skilmála og skilyrða.

4. Þegar eftirlitsaðili samstæðu semur drög að tillögu að ákvörðun skal hann skoða, ef við á, álit annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda, sem þau veittu þegar umsóknin var metin, á því hvort eigið líkan samstæðunnar hentar fyrir útreikning á gjaldþolskröfu samstæðunnar. Eftirlitsaðili samstæðu skal einnig, ef við á, taka tillit til hinna eftirlitsyfirvaldanna innan samstarfshóps eftirlitsaðila að því er varðar eigið líkan samstæðunnar.

5. Eftirlitsaðili samstæðu skal senda hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum tillögu að ákvörðun og, ef við á, öðrum aðilum og þátttakendum samstarfshópsins.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

6. Önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu gefa eftirlitsaðila samstæðunnar skriflegt álit um tillögu að ákvörðun, þ.m.t. ef við á, álit á skilmálum og skilyrðum sem gilda um ákvörðunina sem tillaga hefur verið gerð um. Eftirlitsaðili samstæðu skal taka saman móttekin álit og senda samantekt úr þeim til hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

7. Eftirlitsaðili samstæðu skal að lágmarki skipuleggja einn fund með öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum til að ræða tillöguna að ákvörðun og framkomin álit. Þessir fundir geta verið fundir í eigin persónu eða, ef hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld samþykkja öll, haldnir með öðrum hætti. Markmiðið með umræðunum skal vera að ná samstöðu um sameiginlega ákvörðun. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu síðan öll staðfesta álit sitt eða senda eftirlitsaðila samstæðunnar skriflega lokaálit sitt og fyrirvara.

5. gr.

Endanleg ákvörðun

1. Þegar sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin í málinu sem sett er fram í 5. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal eftirlitsaðili samstæðu:

a) skjalfesta hina endanlegu ákvörðun um umsóknina og, ef við á, um skilmála þá og skilyrði sem gilda um ákvörðunina,

b) senda endanlegu ákvörðunina til allra aðila samstarfshópsins og, eftir því sem við á, til þátttakenda ásamt áliti hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

Í því tilviki sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fulltrúar hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda staðfesta skriflega samkomulagið um hina endanlegu ákvörðun, enda hafi þeir viðeigandi vald til að skuldbinda yfirvöldin sem þeir eru fulltrúar fyrir.

2. Þegar ekki hefur náðst sameiginleg ákvörðun í málinu skv. 6. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal eftirlitsaðili samstæðu:

a) skjalfesta endanlega ákvörðun sína,

b) skjalfesta álitin og fyrirvarana sem um getur í 7. mgr. 4. gr.,

c) tilgreina álit og fyrirvara hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda og, ef við á, hvers vegna eftirlitsaðili samstæðunnar hefur vikið frá þessum álitum þegar hann sendi hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum skjal með ákvörðun sinni skv. 6. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) senda hinum aðilum samstarfshópsins ákvörðunina og, eftir því sem við á, til þátttakenda ásamt álitum og fyrirvörum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

6. gr.

Tilkynning um ákvörðun

1. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin skal eftirlitsaðili samstæðunnar birta umsækjandanum ákvörðunina án tafar.

2. Ef um leyfi til að nota eigið líkan samstæðunnar er að ræða skal eftirlitsaðili samstæðunnar hafa eftirfarandi með í ákvörðuninni:

a) hvort ákvörðunin var sameiginleg ákvörðun skv. 5. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða ákvörðun eftirlitsaðila samstæðu skv. 6. mgr. 261. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) ástæður ákvörðunarinnar,

c) heiti tengdra félaga, sem gildissvið eigin líkansins nær yfir, til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar,

d) heiti tengdra félaga sem heimilt er að nota eigið líkan samstæðunnar til að reikna út gjaldþolskröfur sínar,

e) ef við á, áhættur og rekstrareiningar innan gildissviðs hlutalíkansins,

f) upphafsdag fyrir útreikning gjaldþolskrafna sem skráðar eru í c- og d-lið með því að nota eigið líkan samstæðunnar,

g) ef við á, skilmála og skilyrði sem gilda um leyfið til að nota eigið líkan samstæðunnar, sem og ástæður þessara skilyrða og skilmála,

h) ef við á, kröfu um að félagið þrói og leggi fram áætlun um að víkka gildissvið eigin líkansins, þ.m.t. lýsing og tímarammi áætlunarinnar,

i) ef við á, samþykkt tækni til samþættingar sem nota á til að fella hlutalíkanið inn í staðalreglu gjaldþolskröfunnar.

3. Ef um er að ræða synjun um að nota eigið líkan samstæðu skal eftirlitsaðili samstæðu hafa stutta lýsingu í ákvörðuninni á þeim hlutum eða þáttum í eigin líkaninu sem fullnægja ekki kröfum um að nota eigið líkan samstæðu, sem og nákvæma tilvísun í kröfurnar sem ekki er fullnægt. Í tilkynningunni skal einnig tilgreint að synjun feli það ekki í sér að aðrar kröfur hafi verið taldar virtar.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/498 **2018/EES/29/14**

frá 24. mars 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferð við samþykki eftirlitsyfirvalda til að nota stika sem eiga við tiltekið félag í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 2. mgr. 111. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umsóknir vátrygginga- og endurtryggingafélaga um að nota stika sem eiga við tiltekið félag ætti að undirbúa á varfærinn og raunhæfan máta og þær ættu að ná yfir alla viðeigandi staðreyndir sem nauðsynlegar eru fyrir mat eftirlitsyfirvalda. Þetta ætti að fela í sér mat á því hvernig uppfylla skal forsendurnar um að gögnin sem notuð eru séu fullnægjandi, nákvæm og viðeigandi.

2) Upplýsingarnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag gefur upp í umsókn sinni ættu að vera með þeim hætti að þær tryggi samkvæman grunn fyrir ákvarðanatöku eftirlitsyfirvalda.

3) Umsóknin um að nota stika sem eiga við um tiltekið félag er stefnumótandi ákvörðun að því er varðar áhættustýringu og áætlanir um fjármagnsstýringu. Þátttaka stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar í ákvarðanatökuferlinu um umsóknina skyldi íhuguð vandlega á grundvelli endanlegrar ábyrgðar hennar á hlítingu eins og fram kemur í 40. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4) Setja ætti reglur sem gera eftirlitsyfirvöldum kleift að samþykkja viðeigandi málsmeðferðarreglur. Setja ætti ítarlegar reglur um mat og samþykki umsókna af hálfu eftirlitsyfirvalda. Þær ætti að samþykkja í samræmi við það hve flóknar umsóknirnar eru, til að halda utan um samþykktarferlið. Samþykktarferlið kann að taka minna en sex mánuði ef það er í samræmi við það hve flóknar umsóknirnar eru.

5) Ákvörðunin um að nota stika sem eiga við um tiltekið félag ætti ekki einungis að ráðast af lækkun gjaldþolskröfunnar. Hins vegar ætti notkun stika sem eiga við um tiltekið félag ekki að koma í veg fyrir að félag snúi aftur til staðlaðra stika ef stikar sem eiga við um tiltekið félag endurspegla ekki lengur áhættusnið þess, en í því tilviki ætti félagið að upplýsa eftirlitsyfirvaldið um ástæður þess að þessir stikar eru ekki lengur viðeigandi.

6) Málsmeðferðarreglur um samþykki gera ráð fyrir stöðugum samskiptum á milli eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga. Það tekur til samskipta áður en formleg umsókn er lögð fram til eftirlitsyfirvalda og, eftir að umsókn hefur verið samþykkt, í tengslum við eftirlitsferlið. Slík stöðug samskipti eru nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á viðeigandi og uppfærðum upplýsingum.

7) Það ætti meðal annars að vera þáttur í samþykktarferli eftirlitsyfirvalda að meta gögn sem notuð eru til að reikna út stika sem eiga við um tiltekið félag og þau ættu að sannprófa hvort gögnin sem notuð voru eru í samræmi við forsendur um gæði gagna sem settar eru fram í 219. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([2]). Til að uppfylla kröfuna um heilleika gagna skv. 219. gr. þeirrar reglugerðar ætti félagið að nota gildi stika sem eiga við um tiltekið félag og fengnir eru með því að nota þá samþykktu aðferð sem býr yfir nýjustu viðeigandi gögnunum.

8) Vátrygginga- og endurtryggingafélög mega einungis skipta hlutmengi staðlaðra stika innan áhættueininga vátryggingaáhættu út fyrir stika sem eiga við um tiltekið félag. Þetta þýðir að sum ílagsgagnanna sem notuð eru til að reikna út þessa stika verða lík eða nákvæmlega eins og ílagsgögn sem notuð eru til að reikna út vátryggingaskuld.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12.17.2015. bls. 1).

9) Vegna víxltengsla milli mismunandi umsókna til samþykktar samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, þegar sótt er um samþykki fyrir stikum sem eiga við um tiltekið félag, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að upplýsa eftirlitsyfirvaldið um aðrar umsóknir varðandi liði í 1. mgr. 308. gr. a í tilskipun 2009/138/EB sem eru í ferli nú þegar eða reikna má með innan næstu sex mánaða. Slík krafa er nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á gagnsæjum og óhlutdrægum upplýsingum.

10) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunin lagði fram fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]).

12) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umsókn um samþykki fyrir stikum sem eiga við um tiltekið félag

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal leggja fram skriflega umsókn til eftirlitsyfirvalds um samþykki fyrir notkun stika sem eiga við um tiltekið félag og skipta þeim út fyrir hlutmengi stika í staðalreglunni.

2. Umsóknin skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með höfuðstöðvar, eða á tungumáli sem samið hefur verið um við eftirlitsyfirvaldið.

3. Umsókn vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skal fela í sér eftirfarandi:

a) skjalfesta staðfestingu á innra ferli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins við ákvarðanatöku í tengslum við umsóknina,

b) tilgreindan upphafsdag þess að farið er fram á notkun stika sem eiga við um tiltekið félag,

c) hlutmengi staðlaðra stika sem farið er fram á að skipt sé út með stikum sem eiga við um tiltekið félag,

d) stöðluðu aðferðina sem notuð er, að því er varðar hverja vátryggingagrein, og það stikugildi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem fengist hefur með notkun þessarar aðferðar,

e) þann útreikning stiku sem á við um tiltekið félag og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sækir um að nota ásamt upplýsingum um að útreikningurinn sé fullnægjandi,

f) staðfestingu þess að gögn sem notuð eru til að reikna út stika sem eiga við um tiltekið félag séu heildstæð, nákvæm og viðeigandi og uppfylli kröfurnar í 219. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

g) rökstuðningur fyrir því að sérhver stöðluð aðferð við að reikna út stika sem á við um tiltekið félag, fyrir eina vátryggingagrein, gefi nákvæmustu niðurstöðu til uppfyllingar krafna sem settar eru fram í 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4. Auk efnisins sem tilgreint er í 3. mgr. skal einnig koma fram í umsókninni skrá yfir aðrar umsóknir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur lagt fram, eða reiknar með að leggja fram á næstu sex mánuðum, til samþykktar á einhverju þeirra atriða sem talin eru upp í 1. mgr. 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, ásamt samsvarandi dagsetningum umsókna.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Nákvæmni niðurstaðna

Þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög sýna fram á nákvæmni niðurstaðna skulu þau meta hvort staðlaða aðferðin er viðeigandi fyrir gögn félagsins, hvort forsendur þeirra eru uppfylltar og hvort gögn séu viðeigandi fyrir áhættusnið félagsins.

3. gr.

Mat eftirlitsyfirvalds á vali á stikum og aðferð til að reikna út stika

1. Eftirlitsyfirvaldið skal meta val vátrygginga- eða endurtryggingafélags á:

a) þeim stikum sem skipta skal út, með því að íhuga hvort notkun stika sem eiga við tiltekið félag endurspegli betur áhættusnið félagsins vegna vátryggingaáhættu,

b) þeim vátryggingagreinum sem stikar hafa verið reiknaðir út fyrir, með því að íhuga hvort notkun stika sem eiga við tiltekið félag endurspegli betur áhættusnið félagsins vegna vátryggingaáhættu.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu meta rökstuðning félagsins fyrir vali á staðlaðri aðferð til að reikna út stika sem eiga við tiltekið félag. Þegar eftirlitsyfirvöld framkvæma matið skulu þau íhuga hvort forsendur um staðlaðar aðferðir séu uppfylltar og hvort gögn séu viðeigandi fyrir áhættusnið félagsins.

4. gr.

Mat á umsókninni

1. Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta viðtöku umsóknar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta hvort umsóknin sé fullnægjandi innan 30 daga frá viðtöku umsóknarinnar. Eftirlitsyfirvaldið skal telja umsókn um samþykki fyrir notkun stika sem eiga við tiltekið félag fullnægjandi ef hún felur í sér allar upplýsingar og skjalfestar sannanir sem settar eru fram í 3. og 4. mgr. 1. gr. Ef eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að umsóknin sé ekki fullnægjandi skal það þegar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu að samþykkistímabilið sé ekki hafið og tilgreina ástæður þess að umsóknin telst ekki fullnægjandi.

3. Hafi eftirlitsyfirvald staðfest að umsókn sé fullnægjandi skal það ekki koma í veg fyrir að það eftirlitsyfirvald fari fram á viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti framkvæmt matið. Í beiðninni skulu tilgreindar viðbótar-upplýsingarnar sem farið er fram á ásamt ástæðum fyrir beiðninni.

4. Mat á umsókninni kann að fela í sér beiðni eftirlitsyfirvalda um breytingar á því hvernig félagið muni nota stika sem á við um tiltekið félag. Ef eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að mögulegt gæti verið að samþykkja umsókn um stika sem á við um tiltekið félag með fyrirvara um að breytingar verði gerðar, skal það án tafar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu skriflega um þær breytingar sem farið er fram á.

5. Dagarnir frá því að eftirlitsyfirvaldið fer fram á slíkar upplýsingar eða breytingar og þar til eftirlitsyfirvaldið móttekur slíkar upplýsingar skulu ekki taldir með í sex mánaða tímabilinu sem um getur í 7. mgr.

6. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal upplýsa eftirlitsyfirvaldið um allar breytingar á upplýsingum í umsókn sinni. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag upplýsir eftirlitsyfirvald um breytingu á umsókn sinni skal farið með það sem nýja umsókn nema:

a) breytingin stafi af beiðni frá eftirlitsyfirvaldinu um viðbótarupplýsingar eða breytingar eða,

b) eftirlitsyfirvaldið hafi fullvissað sig um að breytingin hafi ekki veruleg áhrif á mat sitt á umsókninni.

7. Eftirlitsyfirvaldið skal gæta þess að taka ákvörðun um umsókn innan sex mánaða frá því að fullnægjandi umsókn er veitt viðtaka.

5. gr.

Ákvörðun um umsókn

1. Ef eftirlitsyfirvaldið ákveður að hafna umsókninni skal það gefa upp ástæðurnar sem búa að baki þeirri ákvörðun. Eftirlitsyfirvaldið skal einungis samþykkja umsókn ef það sættir sig við rökstuðninginn fyrir því að skipta út hlutmengi stika í staðalreglunni.

2. Þegar eftirlitsyfirvaldið hefur tekið ákvörðun um umsókn skal það án tafar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu um hana skriflega, á sama tungumáli og umsóknin.

3. Eftirlitsyfirvaldið kann að ákveða að samþykkja umsóknina að því er varðar sumar en ekki allar vátryggingagreinarnar eða stikana sem felast í umsókninni.

6. gr.

Afturköllun eftirlitsyfirvalds á samþykki sínu

Eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að afturkalla samþykki sem það hefur veitt vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til að nota aðferð breyta sem eiga við um tiltekið félag ef,

a) félag sem fengið hefur samþykki til að nota stika sem eiga við um tiltekið félag fer ekki lengur að þeim skilyrðum sem sett eru fram í 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB og 218., 219. og 220. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35,

b) í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, vátrygginga- eða endurtryggingafélag óskar eftir að snúa aftur til staðlaðra stika með því að senda beiðni til eftirlitsyfirvalda þar sem fram koma ástæður þess að stikar sem eiga við um tiltekið félag eigi ekki við sem og skjalfest sönnun fyrir því.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/499 **2018/EES/29/15**

frá 24. mars 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur sem nota skal við veitingu samþykkis eftirlitsyfirvalda fyrir notkun stuðningsgjaldþolsliða í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 3. mgr. 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að undirbúa umsóknir um samþykki stuðningsgjaldþolsliða á varfærinn og raunhæfan máta.

2) Umsóknin um stuðningsgjaldþolslið er stefnumótandi ákvörðun að því er varðar áhættustýringu og fjármagnsáætlun. Þátttaka stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar í ákvarðanatökuferlinu um umsóknina skyldi íhuguð vandlega á grundvelli endanlegrar ábyrgðar hennar á hlítingu eins og fram kemur í 40. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3) Vátrygginga- eða endurtryggingafélag ætti að tiltaka allar viðeigandi staðreyndir fyrir mat eftirlitsyfirvalds, þ.m.t. mat vátrygginga- eða endurtryggingafélags á því hvernig liðurinn myndi uppfylla viðmiðanir um stuðningsgjaldþolslið og, við innköllun, um hvernig liðurinn myndi flokkast sem kjarnagjaldþolsliður til að eftirlitsyfirvaldið geti tekið ákvarðanir tímanlega á grundvelli viðeigandi gagna.

4) Upplýsingarnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag gefur upp í umsókn sinni ættu að vera með þeim hætti að þær tryggi samkvæman grunn fyrir ákvarðanatöku eftirlitsyfirvaldsins.

5) Vegna víxltengsla milli mismunandi umsókna til samþykktar samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, þegar sótt er um samþykki fyrir stuðningsgjaldþolslið, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélag að upplýsa eftirlitsyfirvald um aðrar umsóknir varðandi liði í 1. mgr. 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB sem nú eru í ferli eða reikna má með innan sex mánaða. Slík krafa er nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á gagnsæjum og óhlutdrægum upplýsingum.

6) Geta eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga til að meta stöðu hóps mótaðila sem væru þeir einn mótaðili er talin sérstaklega viðeigandi þegar gagnkvæmt félag eða félag hliðstæðrar gerðar hefur marga einsleita meðlimi sem ekki eru fyrirtæki og getur kallað eftir viðbótarframlagi frá þeim.

7) Samþykktarferli stuðningsgjaldþols gerir ráð fyrir stöðugum samskiptum á milli eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga. Það tekur til samskipta áður en formleg umsókn er lögð fram til eftirlitsyfirvaldsins og, eftir að umsókn hefur verið samþykkt, í tengslum við eftirlitsferlið. Slík stöðug samskipti eru nauðsynleg til að tryggja að mat eftirlitsyfirvalda sé byggt á viðeigandi og uppfærðum upplýsingum.

8) Þegar eftirlitsyfirvald fær tilkynningu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi um að geta samþykkts stuðningsgjaldþolsliðs til að mæta tapi hafi minnkað ætti eftirlitsyfirvaldið að endurskoða samþykkta fjárhæð til lækkunar eða draga til baka samþykki sitt á aðferðinni til að tryggja að hún sé í samræmi við minnkaða getu til að mæta tapi.

9) Ákvæði 226. gr. tilskipunar 2009/138/EB heimila samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga að sækja um samþykki fyrir stuðningsgjaldþolslið að því er varðar eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er í eigu vátryggingafélags eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu vátryggingafélags. Sömu reglur ættu að gilda í þeim tilvikum um eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er í eigu vátryggingafélags eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu vátryggingafélags og væri það vátrygginga- eða endurtryggingafélag. Þetta ætti einnig að gilda þegar eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi leiðir samstæðuna í samræmi við 235. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

10) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin lagði fram fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]).

12) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almenn atriði varðandi umsóknina

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal skila skriflegri umsókn um samþykki hvers stuðningsgjaldþolsliðar til eftirlitsyfirvaldsins.

2. Umsóknin skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með höfuðstöðvar, eða á tungumáli sem samið hefur verið um við eftirlitsyfirvaldið.

3. Umsóknin skal skiptast í fylgibréf og rökstuðning.

2. gr.

FYLGIBRÉF

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal leggja fram fylgibréf. Í fylgibréfinu skal allt eftirfarandi staðfest:

a) allir laga- eða samningsskilmálar sem gilda um stuðningsgjaldþolsliðinn eða allt tengt fyrirkomulag er ótvírætt og skýrt skilgreint,

b) fjárhæðin, sem tileinkuð er stuðningsgjaldþolsliðnum í umsókninni, er í samræmi við 2. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) efnahagslegt inntak stuðningsgjaldþolsliðsins, þ.m.t. hvernig liðurinn veitir kjarnagjaldþol þegar hann er innkallaður, kemur skýrt fram í umsókninni,

d) með tilliti til líklegrar þróunar sem og aðstæðna á umsóknardegi telur vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að stuðningsgjaldþolsliðurinn sé í samræmi við viðmiðanir fyrir flokkun gjaldþols,

e) engum staðreyndum hefur verið sleppt sem gætu haft áhrif á ákvörðun eftirlitsyfirvalda, ef þau vissu af þeim, varðandi samþykki fyrir stuðningsgjaldþolsliðinn, þá fjárhæð sem gildir um samþykkt liðar, eða það tímabil sem gildir um samþykkt útreikningsaðferðar.

Fylgibréfið skal einnig sýna skrá yfir aðrar umsóknir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur lagt fram, eða reiknar með að leggja fram á næstu sex mánuðum, til samþykktar atriðum sem talin eru upp í 1. mgr. 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, ásamt tilsvarandi dagsetningum um umsóknir.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

3. gr.

Rökstuðningur varðandi fjárhæð eða aðferð

Umsóknin, sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið leggur fram, skal vera um samþykki varðandi tilgreinda fjárhæð vegna stuðningsgjaldþolsliðar eða um aðferð til að ákvarða fjárhæð stuðningsgjaldþolsliðar.

Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið leitar samþykkis fyrir tilgreindri fjárhæð skal umsóknin fela í sér útskýringu á útreikningi fjárhæðarinnar, byggt á varfærnum og raunhæfum forsendum í samræmi við 2. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið leitar samþykkis varðandi útreikningsaðferð skal það veita eftirfarandi upplýsingar:

a) útskýringu á aðferðinni og hvernig hún endurspeglar getu stuðningsgjaldþolsliðarins til að mæta tapi,

b) lýsingu á öllum forsendum sem aðferðin byggist á og hvernig þær forsendur eru varfærnar og raunhæfar,

c) vænta upphafsfjárhæð liðarins sem reiknuð hefur verið út í samræmi við aðferðina og rökstuðningur fyrir þeirri fjárhæð,

d) útskýringu á sannreyningarferlinu sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið mun framkvæma til að tryggja að niðurstöður aðferðarinnar haldi áfram að endurspegla getu liðarins til að mæta tapi á áframhaldandi grundvelli.

4. gr.

Rökstuðningur varðandi viðmiðanir um samþykki

Rökstuðningurinn skal fela í sér nægar upplýsingar til að eftirlitsyfirvaldið geti metið hvort umsóknin sé í samræmi við viðmiðanirnar sem ákvarðaðar eru í 90 gr. tilskipunar 2009/138/EB og 62.–65. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([1]). Hann skal að minnst kosti fela í sér þær upplýsingar sem lýst er í annarri til sjöundu málsgrein þessarar greinar.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal veita upplýsingar um eðli stuðningsgjaldþolsliðarins og getu kjarnagjaldþolsliðarins, sem stuðningsgjaldþolsliðnum er breytt í við innköllun, til að mæta tapi, þ.m.t. eftirfarandi:

a) laga- eða samningsskilmála, ásamt skilmálum alls tengds fyrirkomulags og sönnun þess að mótaðilinn hafi, eða muni, undirgangast samninginn og allt tengt fyrirkomulag,

b) sönnun þess að samningurinn og allt tengt fyrirkomulag sé lagalega bindandi og framfylgjanlegt í öllum viðeigandi lögsögum, á grundvelli lagalegs álits,

c) tímabilið þegar samningurinn er í gildi og tímabilið þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið má innkalla lið, sé það ekki hið sama,

d) staðfestingu þess að stuðningsgjaldþolsliðurinn, eftir að hann hefur verið innkallaður og greiddur, myndi sýna öll einkenni kjarnagjaldþolsliðar sem flokkast undir þátt 1 í samræmi við 71. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2015/35, eða öll einkenni kjarnagjaldþolsliðar sem flokkast undir þátt 2 í samræmi við 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

e) staðfestingu þess að samningsskilmálar liðar feli ekki í sér nein ákvæði sem gætu verið letjandi fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélag til að innkalla liðinn til að mæta tapi eða leggja nokkrar hömlur á getur liðarins til að vera innkallanlegur þegar krafist er,

f) staðfestingu þess að stuðningsgjaldþolsliðurinn eða ávinningur hans myndu einungis vera til taks fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið og að ekki væri hægt að yfirfæra eða heimfæra hann á annan aðila eða leggja nokkrar kvaðir á hann,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015. bls. 1).

g) þætti sem takmarka við hvaða skilyrði vátrygginga- eða endurtryggingafélagið gæti viljað innkalla liðinn, þ.m.t. en ekki einskorðað við álagsskilyrði sem eiga sérstaklega við um vátrygginga- og endurtryggingafélagið eða markaðsálag í víðara samhengi,

h) hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur, eða kann að hafa síðar meir, nokkra skyldu, væntingar eða samkomulag um að greiða fjármuni eða veita mótaðilanum eða þriðja aðila nokkurt annað hagræði í tengslum við liðinn, annað en ef til endurgreiðslu kjarnagjaldþolsliðar kemur, sem myndi samsvara einkennunum í h-lið 1. mgr. 7. gr. og d-lið 1. mgr. 73. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

i) eintak af fjármagnsstýringaráætlun til meðallangs tíma, þ.m.t. hvaða sess liðurinn skipar í fyrirliggjandi fjármagns-uppbyggingu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og hvernig liðurinn gæti gert vátrygginga- eða endurtrygginga-félaginu kleift að mæta gildandi eða væntanlegum gjaldþolskröfum sínum.

Gildi 6. mgr. 63. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2015/35 ekki og heimilt er að meta stöðu hóps mótaðila sem einn mótaðili væri skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið veita upplýsingar um stöðu sérhvers mótaðila, þ.m.t. eftirfarandi:

a) nöfn og lýsingu á hverjum mótaðila, þ.m.t. eðli allra tengsla á milli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og mótaðilans,

b) mat á áhættu á vanskilum mótaðila til að styðja mat eftirlitsyfirvaldsins sem tilgreint er í 2. mgr. 63. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

c) mat á lausafjárstöðu mótaðila til að styðja mat eftirlitsyfirvaldsins sem tilgreint er í 3. mgr. 63. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

d) mat á greiðsluvilja mótaðila til að styðja mat eftirlitsyfirvalda sem tilgreint er í 4. mgr. 63. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,

e) lýsingu á öllum aðstæðum þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið gæti viljað innkalla liðinn, þ.m.t. núverandi væntingar um hvenær liðurinn kynni að verða innkallaður fyrir eða á þeim tímapunkti þegar ekki er farið að gjaldþolskröfu eða kröfu um lágmarksfjármagn,

f) upplýsingar um alla aðra þætti sem skipta máli fyrir stöðu mótaðila til að styðja mat eftirlitsyfirvaldsins sem tilgreint er í 5. mgr. 63. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

Þegar farið er með mótaðilana sem hóp mótaðila í samræmi við 6. mgr. 63. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skal veita upplýsingarnar í a- til f-lið þriðju málsgreinar að því er varðar hóp mótaðila.

Þegar mótaðili er aðili að sömu samstæðu eða undirsamstæðu og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið samkvæmt skilgreiningu 213. gr. tilskipunar 2009/138/EB og hefur undir stuðningsgjaldþolsliðum skuldbindingar við mismunandi einingar innan samstæðunnar skulu upplýsingarnar í b- til f-lið þriðju málsgreinar fela í sér staðfestingu þess að mótaðilinn sé fær um að fullnægja fleiri en einu innkalli á stuðningsgjaldþolslið samtímis, með hliðsjón af aðstæðum og einingum samstæðunnar.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal veita upplýsingar varðandi endurheimtanleika liðarins, þ.m.t. eftirfarandi:

a) upplýsingar um fyrirkomulag sem gæti aukið endurheimtanleika liðarins, þ.m.t. tiltækileika veðsins,

b) upplýsingar um hvort landslög í einhverri viðeigandi lögsögu komi í veg fyrir að innkall fari fram eða að því sé fullnægt, þ.m.t. ef skila-, stjórnsýslu- eða ógjaldfærnimeðferð er hrundið af stað að því er varðar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið,

c) upplýsingar um fyrirkomulag eða aðstæður sem gætu komið í veg fyrir að innkall fari fram eða að því sé fullnægt við versnandi fjárhagslegar aðstæður, þ.m.t. þegar ekki er farið að gjaldþolskröfu eða kröfu um lágmarksfjármagn.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal veita upplýsingar varðandi fyrri innköll, þ.m.t. eftirfarandi:

a) upplýsingar um reynslu sína af fyrri innköllum eða innheimtu annarra fjármuna sem hafa gjaldfallið á sömu eða líka mótaðila við sömu eða líkar aðstæður,

b) öll viðeigandi fáanleg markaðsgögn að því er varðar fyrri innköll eða innheimtu annarra fjármuna sem hafa gjaldfallið á sömu eða líka mótaðila við sömu eða líkar aðstæður,

c) mat á mikilvægi og áreiðanleika upplýsinganna sem lýst er í a- og b-lið að því er varðar vænta niðurstöðu innkalla vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í framtíðinni.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal gefa lýsingu á aðferðum sínum við að greina framtíðarbreytingar, eins og tilgreint er í d-lið 1. mgr. 62. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem kann að hafa þau áhrif að minnka getu stuðningsgjaldþolsliðarins til að mæta tapi. Lýsingin skal fela í sér eftirfarandi:

a) hvernig það hyggst greina breytingar á:

   i. byggingu eða samningsskilmálum fyrirkomulagsins, þ.m.t. niðurfellingu eða gildislok stuðningsgjaldþolsliðarins eða notkun eða innköllun, að hluta eða öllu leyti, á stuðningsgjaldþolslið,

   ii. stöðu viðkomandi mótaðila, þ.m.t. vanskil mótaðila,

   iii. endurheimtanleika stuðningsgjaldþolsliðarins, þ.m.t. innkallanir á aðra stuðningsgjaldþolsliði sem sami mótaðili veitir,

b) hvernig það hyggst upplýsa eftirlitsyfirvaldið um breytingar sem eru greindar, þ.m.t. hvaða fyrirkomulagi það hefur komið upp til að greina hvenær leggja ætti breytingar fyrir stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vátrygging- eða endurtryggingafélagsins.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal veita skjalfestar sannanir um eigið ferli við ákvarðanatöku í tengslum við umsóknina.

5. gr.

Mat á umsókninni

Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta viðtöku á umsókn vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

Eftirlitsyfirvaldið skal telja umsókn fullgerða ef hún nær yfir alla þætti sem settir eru fram í 2., 3. og 4. mgr.

Eftirlitsyfirvaldið skal staðfesta tímanlega hvort umsóknin sé talin fullgerð eða ekki og innan minnst 30 daga frá viðtöku umsóknarinnar.

Eftirlitsyfirvaldið skal tryggja að tímabilið sem það hefur til að taka ákvörðun um umsókn sé sanngjarnt og ekki lengra en 3 mánuðir frá viðtöku fullgerðrar umsóknar nema til komi sérstakar aðstæður sem tilkynnt er um skriflega til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í tíma.

Við sérstakar aðstæður skal eftirlitsyfirvaldið ekki vera lengur en 6 mánuði frá viðtöku fullgerðrar umsóknar að taka ákvörðun um umsókn.

Hafi eftirlitsyfirvald talið umsókn vera fullnægjandi skal það ekki koma í veg fyrir að það eftirlitsyfirvald fari fram á viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti framkvæmt matið. Í beiðninni skulu tilgreindar viðbótarupplýsingarnar sem farið er fram á ásamt ástæðum fyrir beiðninni. Dagarnir frá því að eftirlitsyfirvaldið fer fram á slíkar upplýsingar eða breytingar og þar til eftirlitsyfirvaldið móttekur slíkar upplýsingar skulu ekki taldir með í tímabilunum sem getur í fjórðu og fimmtu undirgrein.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal upplýsa eftirlitsyfirvaldið um allar breytingar á upplýsingum í umsókn sinni.

Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag upplýsir eftirlitsyfirvald um breytingu á umsókn sinni skal farið með það sem nýja umsókn nema:

a) breytingin stafi af beiðni frá eftirlitsyfirvaldinu um viðbótarupplýsingar eða

b) eftirlitsyfirvaldið hafi fullvissað sig um að breytingin hafi ekki veruleg áhrif á mat sitt á umsókninni.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélag má draga umsókn til baka með skriflegri tilkynningu hvenær sem er áður en eftirlitsyfirvaldið tekur ákvörðun sína. Leggi vátrygginga- eða endurtryggingafélagið umsóknina fram aftur eða leggi fram uppfærða umsókn skal eftirlitsyfirvaldið fara með hana sem nýja umsókn.

6. gr.

Ákvörðun um umsókn

Þegar eftirlitsyfirvaldið hefur tekið ákvörðun um umsókn skal það án tafar tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu ákvörðun sína skriflega.

Ef eftirlitsyfirvaldið samþykkir lægri fjárhæð en vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sækir um eða hafnar umsókn um samþykki skal það gefa upp þær ástæður sem liggja að baki ákvörðuninni.

Hafi samþykki eftirlitsyfirvalda verið veitt með því skilyrði að samningur sé gerður skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, án tafar, undirgangast samninginn með þeim skilmálum sem samþykkið byggðist á og veita eftirlitsyfirvaldinu eintak af undirrituðum samningi.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal ekki telja stuðningsgjaldþolsliðinn eða aðferðina leyfilega fyrr en samningurinn hefur verið gerður.

7. gr.

Endurskoðun samþykktrar fjárhæðar eða afturköllun samþykkis fyrir aðferð

1. Þegar stuðningsgjaldþolsliður uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem samþykki fyrir fjárhæð eða útreikningsaðferð miðaðist við skal eftirlitsyfirvaldið taka ákvörðun um aðra hvora eftirfarandi aðgerða:

a) að lækka fjárhæð stuðningsgjaldþolsliðarins í lægri fjárhæð eða núll,

b) að draga til baka samþykki sitt fyrir útreikningsaðferð.

2. Eftirlitsyfirvaldið skal tilkynna vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu tafarlaust um ástæður sínar, þegar það tekur ákvörðun í samræmi við 1. mgr.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2016 **2018/EES/29/16**

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfavísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum b-lið 2. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að hlutabréfavísitala mæli markaðsvirði dreifðs hlutabréfasafns, sem er lýsandi fyrir eðli hlutabréfa sem eru dæmigerð eign vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eins og krafist er skv. 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 ([2]), ætti hún að vera sett saman úr mörgum gildandi hlutabréfavísitölum fyrir viðeigandi markaði. Til að gera stig þessara hlutabréfavísitalna sambærileg ætti að setja stig hverrar vísitölu við upphaf viðkomandi tímabils sem um getur í 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2009/138/EB á 100 prósentustig.

2) Virði hlutabréfavísitölu sveiflast innan dagsins. Því er nauðsynlegt að skýra hvaða gildi skal nota fyrir tiltekinn dag. Þar sem kauphallir eru ekki opnar fyrir viðskipti á hverjum degi er einnig nauðsynlegt að tilgreina fyrir hvaða daga er nauðsynlegt að reikna út stig hlutabréfavísitölunnar. Af þessum sökum ætti að skilgreina hugtökin „síðasta stig“ og „virkur dagur“.

3) Hlutabréfavísitalan ætti að vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2015/35.

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([3]).

